Kristína Lentz
Magðalena S Kristjánsdóttir
Nanna Þ Möller
Sigrún Inga Ævarsdóttir
Valdimar Garðar Guðmundsson
Þorsteinn Júlíus Árnason
Þórir Jökull Finnbogason

6. bekkur P

Anna Björg Guðjónsdóttir
Ásta Hrund Guðmundsdóttir
Elín Ösp Vilhjálmsdóttir
Elvar Helgason
Eva Sigurbjörg Þorkelsdóttir
Harpa Rún Glad
Karen Lind Óladóttir
Magnea Jónína Ólafs
Rafn Andri Haraldsson
Rina Alma Zogaj

6. bekkur R

Anna Garðarsdóttir
Auður Waagfjörð Jónsdóttir
Birna Pétursdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Helga Franklinsdóttir
Hörður Már Kolbeinsson
Inga Jóna Jóhannsdóttir
Jóhann Páll Jónsson
Jóhannes Stefánsson
Jón Benjamín Sverrisson
Katrín Pétursdóttir
Magnús Magnússon
Pétur Rafnsson
Sandra Gunnarsdóttir
Sigurður Logi Snæland
Sólveig Hauksdóttir
Sunna Dóra Sigurjónsdóttir
Viktor Ari Viktorsson
Þóroddur Björnsson

6. bekkur S

Anna Reynisdóttir
Berglind Bergmann Sverrisdóttir
Edda Björk Ragnarsdóttir
Erna Kristín Valdimarsdóttir

Harpa Másdóttir
María Carrasco
Ólöf Helga Gunnarsdóttir
Rósa Eiríksdóttir
Rósa Hauksdóttir
Sigrún Tinna Gunnarsdóttir
Sindri Guðmundsson
Skúli Magnús Sæmundsen
Stefán Daníel Jónsson
Steinunn Kristinsdóttir
Steinunn Sigurðardóttir
Tanja Dögg Björnsdóttir
Tinna Rut Pétursdóttir
Tinna Sverrisdóttir
Tómas Gerald Sullenberger
Þorvaldur Sveinn Sveinsson
Þórdís Pétursdóttir
Þórdís Skaptadóttir
Þórunn Guðmundsdóttir

6. bekkur T

Andrea Guðmundsdóttir
Anna Guðjónsdóttir
Anna Kristín Baldvinsdóttir
Arndís Eva Jónsdóttir
Ásdís Árnadóttir
Ásgeir Vísir Jóhannsson
Áslaug Magnúsdóttir
Bryndís Jónsdóttir
Bryndís Þóra Þórðardóttir
Brynja Magnúsdóttir
Brynjar Örn Jenson
Hulda Kristín Guðmundsdóttir
Jóhann Valur Sævarsson
Jón Ásgeir Jónsson
Lilja Kjartansdóttir
Ólöf Stefánsdóttir
Rakel Tómasdóttir
Rannveig Ása Guðmundsdóttir
Sandra Júlía Bernburg

Siggeir Örn Steinþórsson
Sigurgeir Bárðarson
Smári Guðfinnsson
Snævar Ingi Hafsteinsson
Tryggvi Höskuldsson
Valgerður Tryggvadóttir

6. bekkur X

| |
|-----------------------------|
| Agnes Þóra Árnadóttir |
| Árni Már Þrastarson |
| Áspór Tryggvi Steinþórsson |
| Baldur Árnason |
| Björg Magnea Ólafs |
| Davíð Gunnlaugsson |
| Einar Baldur Þorsteinsson |
| Einar Guðnason |
| Eiríkur Ástvald Magnússon |
| Guðjón Helgi Eggertsson |
| Guðjón Henning Hilmarsson |
| Guðlaug Sara Guðmundsdóttir |
| Guðmundur Sigurðsson |
| Hafþís Hilmarsson |
| Halldór Grétarsson |
| Helgi Heiðar Steinarsson |
| Jón Blöndal |
| Jón Sigurður Pétursson |
| Máni Marius Viðarsson |
| Pétur Bjarni Pétursson |
| Ragna Sif Þórarinsdóttir |
| Róbert Torfason |
| Rut Valgeirsdóttir |
| Selma Benediktsdóttir |
| Sigríður Lína Viðarsdóttir |
| Sigurður Snæbjörnsson |
| Sigyn Jónsdóttir |
| Sveinn Óskar Hafliðason |
| Tómas Björn Guðmundsson |
| Vigdís Sverrisdóttir |
| Viktor Hrafn Hólmgeirsson |

Eftirtaldir nemendur voru utanskóla veturinn 2007 – 2008:

Davíð Þór Guðmundsson
Dóra Sif Ingadóttir
Hanna Lía Hafsteinsdóttir
Hólmfríður Björnsdóttir

Hrafninn Viktoría Karlsdóttir
Klara Mist Pálsdóttir
Páll Bergmann
Sif Sigþórsdóttir

Skólasetning VÍ 21. ágúst 2007

Starfsfólk, nemendur og aðrir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á skólasetningu Verzlunarskólans nú þegar skólinn verður settur í 103. sinn. Áður en þessi athöfn hófst lék Sandra Gunnarsdóttir fyrir okkur á píanó en hún er að hefja nám í 6. bekk.

Sérstaklega býð ég nýnema velkomna. Að þessu sinni eru nýnemar í 3. bekk 341 talsins. Einnig eru nýnemar meðal eldri bekkina sem koma úr öðrum framhaldsskólum. Aðsókn að skólanum var mjög mikil í vor, svipað og verið hefur undanfarin ár, og þurfti að vísa mörgum nemendum frá. Alls sóttu 552 nemendur um nám í 3. bekk og þurfti því að vísa 211 nemendum frá. Það var mjög sárt því stór hluti þeirra eru mjög góðir námsmenn ef metið er út frá grunnskólaeinkunum. Þeir tveir nemendur, sem nú hefja nám í 3. bekk og hafa hæstu einkunn í þeim samræmdu greinum sem skólinn leggur til grundvallar fyrir inntöku nýnema, fá skólagjöld felld niður. Þeir eru:

| | |
|----------------------|------|
| Áslaug Haraldsdóttir | 9,63 |
| Rakel Guðmundsdóttir | 9,44 |

Óskum við þeim innilega til hamingju.

Þið, sem hefjið nú nám í 3. bekk, eruð góðir námsmenn og engin ástæða til að ætlast til annars en að þið munuð standa ykkur vel í námi enda geng ég út frá því að þið séuð hingað komin til að læra. Af þeim, sem hefja nám í 3. bekk eru 8, sem koma beint úr 9. bekk grunnskóla. Innritun 9. bekkina er tilraun gerð með samþykki menntamálaráðuneytisins og er tilgangurinn sá að gera góðum nemendum kleift að ljúka stúdentsprófi ári fyrir án þess að þurfa að stytta framhaldsskólann eins og rætt hefur verið um.

Fjöldi nemenda í skólanum er annars sem hér segir: 341 nemandi verður í 3. bekk, 342 nemendur í 4. bekk, 294 verða í 5. bekk og 253 í 6. bekk.

Fjöldi nemenda í skólanum verður því samtals 1230 í 48 bekkjardeildum. Aldrei hafa verið svo margir nemendur í skólanum og er skólinn því yfirfullur. Þetta hefur orðið til þess að nokkrir bekkir í skólanum eru fjölmennari en við hefðum viljað. Að auki er fjöldi nemenda sem stundar nám við skólann í fjarnámi. Fjarnámið er orðinn stór þáttur í starfi skólans og reiknum við með um 200 ársnemendum árið 2007. Fjarnám er ekki tískufyrirbæri sem gufar fljótt upp – það er komið til að vera og mun trúlega aukast fremur en hitt.

Ég vil minna nemendur á að nám við skólann er fullt starf og ættu nemendur ekki að vinna með skóla. Það er sorglegt til þess að hugsa að margir nemendur þurfa að endurtaka einstaka áfanga og því miður of margir sem taka námið ekki nógu alvarlega og falla því aftur. Í nokkrum tilvikum eru nemendur að falla út úr skóla. Þið eruð öll með það góðan grunn og góða námshæfileika að enginn ykkar ætti að falla. Ég vil því endurtaka það sem ég sagði áðan að nám við skólann er fullt starf. Það er mikilvægt að vinna jafnt og þétt yfir önnina, gera þau verkefni sem kennarar leggja fyrir ykkur og sinna náminu af alúð.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði skólans frá síðastliðnum vetri. Þeir kennarar, sem láta af störfum og hverfa til annarra starfa eða frekara náms, eru:

1. Andri Gunnarsson, viðskiptagreinar
2. Ágúst Hauksson, saga
3. Friðrik Sigfússon, enska
4. Geir Steindórsson, viðskiptagreinar

5. Gísli Björn Heimisson, tölvunotkun
6. Guðrún Inga Sívertsen, viðskiptagreinar
7. Gunnhildur Inga Þráinsdóttir, viðskiptagreinar
8. Harpa Jónsdóttir, stærðfræði
9. Heiðar Ingi Jónsson, viðskiptagreinar
10. Jóhannes Runólfsson, viðskiptagreinar
11. Karl Jóhann Garðarsson, saga
12. Sigfríður Guðný Theódórsdóttir, stærðfræði
13. Sigríður Gunnarsdóttir, enska
14. Sigurbjörg Eðvarðsdóttir, franska
15. Steinþór Steingrímsson, íslenska.

Ekki má gleyma því að Sölvi Sveinsson, sem verið hefur skólastjóri undanfarin tvö ár, hefur látið af störfum og tekið að sér verkefni fyrir skólanefnd Verzlunarskólans. Hann hefur verið fenginn til þess að vinna að undirbúningi stofnunar Listmenntaskóla Íslands. Við munum fylgjast af áhuga með framvindu þess skóla.

16 nýir kennarar koma nú til starfa en þeir eru:

1. Bessí Jóhannsdóttir, saga
2. Björg Jóhannsdóttir, stærðfræði
3. Bryndís Eiríksdóttir, viðskiptagreinar
4. Egill Helgi Lárusson, viðskiptagreinar
5. Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir, íslenska
6. Hulda Hlín Magnúsdóttir, saga
7. Ingólfur Gíslason, stærðfræði
8. Linda Ösp Heimisdóttir, latína
9. Sólmundur Már Jónsson, viðskiptagreinar
10. Unnur S. Eysteinsdóttir, spænska
11. Unnur Knudsen, myndlist
12. Valur Gunnarsson, tölvunotkun
13. Vigdís Ólafsdóttir, ferðamálafræði
14. Þorbjörn Sigurbjörnsson, viðskiptagreinar
15. Þórhalla Arnardóttir, raungreinar
16. Þröstur Geir Árnason, íslenska

Ég vil þakka þeim, sem hverfa til annarra starfa, fyrir samstarfið og óska þeim alls hins besta á nýjum vettvangi. Eins býð ég nýja kennara velkomna til starfa. Ég bið starfsfólk og nemendur um að taka vel á móti nýjum kennurum.

Gunnar Skarphéðinsson, íslenskukennari, og Auður Gunnarsdóttir, þýskukennari, verða í námsleyfi í vetur. Einnig verður Heiðrún Geirsdóttir, sögukennari, áfram í leyfi næsta vetur og Soffía Magnúsdóttir, íslenskukennari verður í leyfi fram til áramóta. Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, sem hefur kennt sögu og íslensku, verður í fæðingarorlofi fram til áramóta. Stærðfræðikennararnir Ásdís Rósa Baldursdóttir og Ásta Jenný Sigurðardóttir snúa aftur til starfa en þær voru í orlofi síðastliðinn vetur.

Kæru nemendur.

Nemendum hefur fjölgað undanfarin ár og bílaeign nemenda og landsmanna allra aukist. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér það vandamál að ekki eru bílastæði fyrir alla og verða margir því að leggja í stæði Kringlunnar sem duga vart til. Bílastæðin kringum Verzlunarskólann og Háskólann í Reykjavík eru sameiginleg fyrir nemendur og starfsfólk beggja skólanna. Sínum nágrönnum skólans kurteisi og leggjum ekki í þeirra stæði. Þeir bílar, sem er lagt ólöglega,

verða dregnir burt á kostnað eigenda. Það er líka mjög mikilvægt að leggja ekki þannig að það hefti aðgengi sjúkrabifreiða og annarra sem þurfa nauðsynlega að komast að skólanum.

Þetta þarf ekki að vera vandamál því Reykjavíkurborg er komin með lausnina sem felst í því að nemendur í framhaldsskólum og háskólum á höfuðborgarsvæðinu fá frítt í strætó næsta skólaár. Ég vil eindregið hvetja nemendur til að notfæra sér þetta tilboð sem samsvarar a.m.k 30 þúsund króna samgöngustyrk fyrir framhalds- og háskólanema. Þetta dregur mjög úr bílastæðavanda við skólana sem fer jú vaxandi. Þess má einnig geta að heyrst hefur í fréttum að borgaryfirvöld séu að skoða þann kost að hefja gjaldtöku á bílastæðum við skólabyggingar, en hefur enn ekki verið rætt í skólanefnd Verzlunarskólans. Nemendafélög skólanna munu útdeila nýjum strætókortum sem gefin eru út af þessu tilefni. Nemendafélag Verzlunarskólans mun sjá um að útdeila kortum hér innan skólans og verður tilhögun þess tilkynnt fljótlega.

Því miður er það svo að of oft slæðast inn í skólann einstaklingar sem ekki eru í skólanum og eiga ekkert erindi hingað heldur eru þeir hingað komnir til að sækjast eftir fjármunum. Líkt og undanfarin ár verða eftirlitsmyndavélar í tölvustofum og á göngum. Þetta hefur aukið öryggi til muna en dugar samt ekki til. Skólinn bætir ekki tjón sem nemendur verða fyrir vegna þjófnaða og er því mjög mikilvægt að nemendur passi vel eigur sínar. Skiljið ekki verðmæta hluti eftir í stofum eins og t.d. fartölvur. Nemendum gefst kostur á að leigja sér skáp sem hægt er að læsa og geta þeir sótt um það á skrifstofu skólans frá og með morgundeginum. Skólanum er læst kl. 3 á daginn og er fólki einungis hleypt inn og út um stigahúsið næst leikfímihúsinu hjá vaktmanni. Þessi gæsla er ekki síst fyrir nemendur og bið ég þá því um að láta vaktmann vita um óviðkomandi í húsinu.

Bókalista er að finna á heimasíðu skólans og hvet ég nemendur til að kaupa allar námsbækur vetrarins strax í upphafi. Eitthvert kennsluefni er aðeins selt í skólanum og verður það efni selt í fundarherberginu á 3. hæð í dag, þriðjudag, frá kl. 12:00 – 16:00 og á sama tíma á morgun. Ég vil einnig benda nemendum á skiptibókamarkaði sem flestar bókabúðir, sem selja skólabækur, starfrækja. Þar er oft hægt að gera góð kaup.

Kæru nemendur.

Verzlunarskólinn er reyklus skóli sem þýðir að reykingar eru bannaðar í skólanum og á lóð hans. Einnig eru reykingar bannaðar á öllum skemmtunum sem haldnar eru í nafni skólans. Ég bið nemendur að virða þetta og fara eftir þessu. Þetta er í raun kærkomið tækifæri fyrir þá, sem reykja, að hætta reykingum.

Nú síðsumars hefur mikið verið rætt um unglínga og umgengni þeirra og framkomu á skemmtunum. Þessi umræða var mjög áberandi í tengslum við ákvörðun ákveðins bæjarfélags um að banna fólki á aldrinum 18 – 23 ára að tjalda á tjaldstæðum bæjarins um verslunarmannahelgina. Sífellt fleiri aðilar sem reka tjaldsvæði neita unglíngum að tjalda hjá sér. Ég ætla ekki að dæma þessa aðila en mér finnst mjög sorglegt að heyra þetta. Eiga unglíngar sök á þessu og er þetta sanngjarnt? Ég hef ekki svar við því en geri mér grein fyrir að fáir einstaklingar geta eyðilagt fyrir mörgum. Þessi umræða um skemmtanir unglínga er þó ekki ný og efast ég um að ungt fólk í dag sé verra að þessu leytnu en mín kynslóð þegar við vorum ung. Undanfarin ár hefur pressa á stjórnendur framhaldsskóla sífellt verið að aukast þegar kemur að skólaskemmtunum, t.d. hversu lengi skóladansleikir mega standa yfir. Það endaði með því að gefnar voru út reglur um hve lengi dansleikir mega standa yfir og voru flestir ósáttir við þá niðurstöðu. Mér vitanlega hafa skemmtanir nemenda Verzlunarskólans oftast en ekki verið til fyrirmyndar. Það má þó alltaf bæta.

Undanfarin ár hafa skólayfirvöld Verzlunarskólans reynt að sporna við ferðum á vegum nemendafélags skólans þar sem áfengi er haft um hönd. Þetta höfum við gert m.a. með því að tilkynna nemendum að engar ferðir verði farnar á vegum nemendafélagsins nema starfsmenn

skólans verði með til eftirlits. Nemendur hafa ekki alltaf verið sáttir við þetta og í sumum tilvikum brugðið á það ráð að fella ferðirnar niður og síðan auglýsa þær í nafni einhvers einstaklings í skólanum og miðar síðan seldir úti í bæ. Þetta er mikið óheillaspor og grefur í rauninni einfaldlega undan félagslífinu. Ég hvet nemendur til að hlúa að öflugu félagslífi skólans og skilja á milli áfengis og heilbrigðs félagslífs.

Ég vil þess vegna skora á nemendur Verzlunarskólans að standa saman og hafa allar samkomur og ferðir á vegum skólans án áfengis. Sýnið gott fordæmi og verið öðrum fyrirmynd. Ég hvet forystu nemendafélagsins sérstaklega til að hvetja til áfengislausra skemmtana. Ef okkur tekst þetta ekki er alltaf hættu á að utanaðkomandi aðilar, t.d. stjórnvöld grípi inn í og setji reglur, sem við erum ósátt við.

Skólagjöld hafa verið ákveðin kr. 75.000 fyrir veturinn og eiga þau að vera greidd nú þegar. Ég vek athygli á að hægt er að sækja um lækkun þeirra eða niðurfellingu ef um mjög sérstakar ástæður er að ræða. Þá ber að hafa samband við Kristínu Huld Gunnlaugsdóttur námsráðgjafa.

Nú fer þessari athöfn senn að ljúka. Ég vil að lokum segja þetta við ykkur nemendur: Árin í framhaldsskóla eru ein af bestu árum ævinnar. Þar myndast vinátta milli nemenda sem endist oftast ævina á enda. Hér munu eflaust margir kynnst þeim sem á eftir að verða þeirra lífsförunautur. Njótið áranna en gleymið því ekki að ef þið ætlið að ná árangri í skólanum verður námið ætíð að vera í fyrirrúmi.

Það, sem gerist nú á eftir, er að nemendur í 4., 5. og 6. bekk fara í sínar heimastofur. Bekkjarlistar og heimastofulistar hafa verið hengdir upp á töflunum í kringum Marmarann. Þau ykkar, sem hafa heimastofu á 2. hæð, þ.e. þeirri hæð sem við erum á, eru beðnir að taka með sér stóla í stofurnar. 3. bekkingar verða eftir í Bláa sal og mun Klara Hjálmtýsdóttir, áfangastjóri, ræða stuttlega við ykkur og vísa ykkur í stofur.

Verzlunarskóli Íslands er settur.

Námsefni og kennsla

Alþjóðafræði

V. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

ALP102/203:

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á alþjóðamálum og sögu og hlutverki þeirra alþjóðastofnana sem Íslendingar eiga aðild að. Þá fái þeir staðgóða yfirsýn yfir álitamál varðandi utanríkisstefnu landsins og innsýn í vandamál þróunarlanda og ríkja A–Evrópu.

Námslýsing: Í alþjóðafræði í 5. bekk er fjallað um alþjóðastjórnsmál og kenningar um þau, hnattvæðingu, utanríkisstefnu Íslands fyrr og nú og þær alþjóðastofnanir sem Ísland á aðild að, ekki síst Evrópusamvinnu ýmiss konar. Þá er sérstaklega litið til ríkja í Afríku og A–Evrópu.

Kennslugögn: Stefán Karlsson: *Alþjóðastjórnsmál*. Reykjavík, Iðnú 1999. Jón Ingvar Kjara og Eiríkur K. Björnsson: *Leshefti í alþjóðafræði*. Reykjavík, VÍ 2005. Myndefni, ljósrit og annað aukaefni frá kennurum.

VI. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

ALP302:

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á stjórnsmálum og viðskiptaumhverfi valinna ríkja í Austur- og Vestur-Evrópu.

Námslýsing: Í alþjóðafræði í 6. bekk er fjallað um ríki Austur- og Vestur-Evrópu, viðskiptaumhverfi þeirra og stjórnsmál. Enn fremur er viðskiptahegðun í Asíu og Suður-Ameríku tekin til umfjöllunar.

Kennslugögn: Jón Ingvar Kjara og Eiríkur K. Björnsson: *Leshefti í alþjóðafræði*. Reykjavík, VÍ 2005. Kaj Hildingsson: *Austur-Evrópa*. Reykjavík 1994. John Mole: *Mind your Manners*. London 2004. Richard R. Gesteland: *Cross-Cultural Business Behavior*. Kaupmannahöfn 2003.

Bókfærsla

Námsefni í bókfærslu er skipt í fimm stig sem hér segir:

- 1. stig:** Frumatriði í dagbók, opnanir, færslur og lokanir, fábrottnir og hreinir reikningar (um 15 reikningar).
- 2. stig:** Dagbók og reikningsjöfnuður, blandaðir reikningar (um 20 reikningar).
- 3. stig:** Flóknar færslur og blandaðir reikningar, tölvubókhald, sem er kennt sem sér áfangi
- 4. stig:** Fræðileg bókfærsla í framhaldi af 3. stigi. Kynntir um 40 nýir reikningar og millifærslur í reikningslokun.
- 5. stig:** Fræðileg bókfærsla í framhaldi af 4. stigi, breytingar á réttarformi, fjárhagsleg endurskipulagning, samruni og slit fyrirtækja. Uppgjör samkvæmt sjóðs- og bankahreyfingum (sjóðsstreymi). Skattauppgjör.

Efnisskipan: **III. bekkur: 1. og 2. stig (allir bekkir)**

IV. bekkur: 3. og 4. stig (viðskiptabraut, hagfræði- og viðskiptasvið)

VI. bekkur: 5. stig (viðskiptabraut, hagfræði- og viðskiptasvið)

Kennslugögn: Bókfærsla 1A og 1B eftir Tómas Bergsson er kennd í III. bekk. Bókfærsla II eftir Tómas Bergsson er kennd í VI. bekk. Í VI. bekk eru kennd tvö hefti tekin saman af Valdimar Hergeirssyni og Tómasi Bergssyni.

Danska

DAN102:

Markmið: Að nemandi:

- geti áttað sig á megininntaki mismunandi texta.
- geti tjáð sig svo vel skiljast á dönsku um ákveðin atriði bæði í ræðu og riti.
- kunni að nýta sér hjálpargögn, s.s. orðabækur.
- kynnist menningu Dana.

Námslýsing: Farið var yfir 4 fyrstu kaflana í *Dansk er mange ting*. Lögð var áhersla á nákvæmnislestur og uppbyggingu orðaforða. Einnig voru teknar fyrir 5 smásögur úr smásagnasafninu *Ungdom og galskab: Globryllup, Ispigen, Sçnnen, Brombærstien og De tre dumme gris og den store tykke pulv* og tóku nemendur próf að lokinni yfirferð. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 13 þematengd hlustunarverkefni og tóku tvö tímapróf í þeim. Í málfræði var farið í notkun sagnorða, fornafna og spurnarorða og verkefni unnin í málfræðiheftinu *Sådan siger man*, auk þess sem nemendur unnu sjálfstætt æfingaverkefni á Netinu.

Skáldsagan *Hvid sommer* var lesin til skyndiprófs. Að auki unnu nemendur tvö hópverkefni, „*Klassens nouvellesamling*” sem þeir kynntu munnlega og bekkjarblað um „*Sportsavisen*”. Ein dönsk kvikmynd var sýnd á önninni og skriflegt verkefni unnið. Nemendur héldu portfoliomöppu þar sem þeir héldu utan um öll verkefni sem þeir unnu. Einnig skrifuðu þeir vikulega logbog/leiðarbók, sem er ritunarbók um það sem unnið var með í dönsku, ásamt eigin dagbók og öðru tilfallandi efni. Árangur var greinilegur hjá þeim sem unnu hana vel og reglulega. Áhersla var lögð á að þjálfra talfærni nemenda jafnt og þétt með fjölbreytilegum verkefnum og æfingum.

Kennslugögn: *Dansk er mange ting*, lesbók með verkefnum og hlustunarefni. *Sådan siger man*, málfræðibók. *Ungdom og galskab*, smásagnahefti. *Hvid sommer*, skáldsaga, Internetið, myndbandsþættir, kvikmynd, dönsk dagblöð og tímarit.

DAN202:

Markmið: Að nemandi:

- geti notað málið nokkuð örugglega bæði skriflega og munnlega.
- geti skilið þokkalega talað og ritað mál um daglegt líf.
- hafi fengið innsýn í danska siði, venjur og samskiptahefðir í daglegu lífi.

Námslýsing: Teknir voru fyrir 6 kaflar í aðalkennslubókinni *Dansk er mange ting*. Lesnar voru 3 smásögur: *En morder uden skygge, Ungdom og galskab og Værtshusfolk* og könnun tekin eftir yfirferð þeirra. Farið var í nafnorð, lýsingarorð, forsetningar og ýmis smáorð í málfræðibókinni *Sådan siger man*. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 12 hlustunaræfingar eða í tímum og tóku tvö skyndipróf. Enn fremur lásu nemendur sjálfstætt skáldsöguna *En, to, tre - nu* til skyndiprófs.

Sýnd var ein kvikmynd á önninni og nemendur unnu skriflegt verkefni. Eitt hópverkefni „*Weekendtur til København*“ var unnið sem nemendur kynntu fyrir bekkinn. Nemendur héldu áfram að vinna sjálfstætt sína logbog/leiðarbók og portfoliomöppu sem reynst hefur góð ritunarbúlfun fyrir þá nemendur sem vinna hana vel og reglulega. Munnleg færni var þjálfuð reglulega, m.a með þematengdum æfingum. Nemendur völdu síðan tvö verkefni sem þeir sögðu kennara frá í munnlegu prófi.

Kennslugögn: *Dansk er mange ting*, lesbók með verkefnum og hlustunarefni. *Sådan siger man*, málfræðibók. *Ungdom og galskab*, smásagnahefti. *En, to, tre - nu*, skáldsaga, Internetið, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

DAN212:

Markmið: Að nemandi:

- geti notað málið bæði skriflega og munnlega til þess að miðla og afla sér þekkingar.

- viti hvernig hann getur aukið kunnáttu sína og færni í málinu og geri sér ljósa eigin ábyrgð og mikilvægi frumkvæðis og eigin vinnu í náminu, átti sig á notagildi dönskukunnáttunnar til að skilja sænsku og norsku.

Námslýsing: Kennt var tilraunakennsluefni sem Brynhildur Ragnarsdóttir og Kirsten Friðriksdóttir eru að vinna að. Byggist námsefnið á hugmynd um evrópsku tungumálamöppuna eða portfolio. Tekin voru fyrir eftirfarandi þemu: *Døgnfluer, Nyheder, At gøre en forskel, Noveller og digte og Dansk film* auk margs konar efnistengdra aukaverkefna. Vinna nemenda úr öllum þemunum lauk með einhvers konar kynningu á verkefnum. Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 12 hlustunaræfingar úr bókinni *Lyt og lær II* og tóku tvö skyndipróf. Lesnar voru eftirfarandi 5 smásögur í nýju smásagnahefti *Danske noveller: Amanda engel, Bossa Nova, Mandagsmorderen, Tornerose uden sko og Angst* og skyndipróf tekið eftir yfirferð þeirra. Eftir lestur smásagnanna gerðu nemendur sjálfir smásögur sem settar voru í Klassens novellesamling. Einnig lásu nemendur skáldsöguna *Andrea elsker mig* til skyndiprófs. Nemendur sáu eina kvikmynd og unnu skriflegt verkefni. Framhald var á logbókar-/leiðarbókarvinnu nemenda sem sýndi greinilegan árangur þeirra sem unnu hana vel og reglulega. Einnig héldu þau portfolio-möppu með verkefnum annarinnar. Völdu þau síðan tvö verkefni til að segja frá á munnlegu prófi.

Kennslugögn: *Drivkraft*, lesbók með verkefnum. *Danske noveller* – smásagnahefti. *Andrea elsker mig*, skáldsaga. *Lyt og lær II*, hlustunarefni. Internetið, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

DAN303, máladeild:

Markmið: Að nemandi:

- geti notað málið bæði skriflega og munnlega til þess að miðla og afla sér þekkingar.
- geti lesið fjölbreytta bókmenntatexta sér til gagns og ánægju.
- sé nokkuð vel læs á alls kyns vísinda- og fræðitexta.
- geti skilið talað mál almenns eðlis sem og fréttatengt efni.
- viti hvernig hann getur aukið kunnáttu sína og færni í málinu.
- geti tjáð hugsun sína, útskýrt og rökstutt mál sitt í samfelldu rituðu og töluðu máli á skipulegan og skiljanlegan hátt.
- geti leitað og nýtt sér upplýsingar sem til eru á dönsku, t.d. á bókasöfnum, vefsíðum og í margmiðlunarefni.
- geri sér ljósa eigin ábyrgð og mikilvægi frumkvæðis og eigin vinnu í náminu.
- átti sig á notagildi dönskukunnáttunnar til að skilja sænsku og norsku.

Námslýsing: Tekið var fyrir eitt þema í kennslubókini *Drivkraft*, Island og Danmark í tidernes løb. Síðan voru unnin eftirfarandi þemu hönnuð af kennara:

Eventyrgeren, H.C.Andersen og hans eventyr þar sem nemendur settu eitt ævintýri í leikgerð og skrifuðu annað.

Berømt heder eða *En person jeg beundrer* – verkefni sem byggði á munnlegri kynningu nemenda.

Dansk kunst og design – munnleg kynning á skriflegu verkefni.

Festivaler – lesnir ýmsir textar og munnleg kynning.

Livsstil – collageverkefni og munnleg kynning.

Danske byer – nemendur öfluðu sér upplýsinga um efnið og kynntu munnlega.

Kønsroller – lestur fræðilegs texta sem lauk með skyndiprófi eftir yfirferð og umræður.

Nemendur hlustuðu sjálfstætt á 8 æfingar og tóku 2 hlustunarpróf. Einnig hlustuðu nemendur á danskar sjónvarpsfréttir, TV-avisen og unnu verkefni þeim tengdum.

Lesnar voru eftirfarandi 5 smásögur í nýju smásagnahefti *Danske noveller: Gå glad i bad,*

Tårer, Mord for mænd, Den gamle dame og Udsigt til marmorkirken og skyndipróf tekið eftir yfirferð þeirra. Einnig lásu nemendur eina skáldsögu að eigin vali til munnlegs prófs. Nemendur

sáu eina kvikmynd og unnu skriflegt verkefni. Framhald var á logbókar-/leiðarþókarvinnu nemenda sem sýndi greinilegan árangur þeirra sem unnu hana vel og reglulega. Einnig héldu þeir portfoliomöppu með verkefnum annarinnar. Völdu þau síðan tvö verkefni til að segja frá á munnlegu prófi auk valbókar. Sérstök áhersla var lögð á þjálfun munnlegrar færni nemenda með fjölmörgum kynningum og verkefnum. Áfanginn var próflaus í lok annar og byggðist námsmat á ýmsum verkefnum og kynningum á önninni.

Kennslugögn: *Drivkraft*, lesbók með verkefnum. *Danske noveller* - smásagnahefti. *Kænsroller* – hefti með fræðilegum textum, *Skáldsaga að eigin vali*. Internetið, fjöldinn allur af ljósrituðum greinum, kvikmynd, myndbandsþættir, dönsk dagblöð og tímarit.

Eðlisfræði

V. bekkur, náttúrufræðibraut:

EDL103:

Námslýsing: Hreyfilýsing, lögmál Newtons, vinna, orka, afl, skriðþungi, þrýstingur, ljósgeislafræði.

Kennslugögn: Eðlisfræði 103 eftir Davíð Þorsteinsson.

EDL203:

Námslýsing: Varmafræði, kasthreyfing, hringhreyfing, þyngarkraftur, bylgjufræði, raforka og orkuflutningur.

Kennslugögn: Eðlisfræði 203 eftir Davíð Þorsteinsson.

VI. bekkur, náttúrufræðibraut:

EDL303:

Námslýsing: Rafkraftur, rafsvið, rafspenna, raforka, rafstraumur, lögmál Ohms, lögmál Kirchhoffs, raforkuflutningur, eðlisviðnám, segulkraftur, segulsvið, span, lögmál Lenz.

Kennslugögn: Eðlisfræði 303 eftir Davíð Þorsteinsson.

EDL403:

Námslýsing: Afstæðiskenning, kjarneðlisfræði, frumatriði skammtafræði, öreindafræði.

Kennslugögn: Eðlisfræði 403 eftir Davíð Þorsteinsson.

Efnafræði

V. bekkur, náttúrufræðibraut:

EFN103:

Markmið: Meginmarkmið áfangans er að veita góða undirstöðuþekkingu í almennri efnafræði og búa nemendur undir nám í raungreinum á háskólastigi.

Námslýsing: Frumefnin, lotukerfið, atómið, málmar, málmleysingjar og eðallofttegundir, atómmassi, mól og mólmassi. Efnatengi: sameindatengi, jónatengi og málmtengei, eðallofttegundir, gildisrafeindir og átturegla. Efnahvörf, stilling efnajafna, flokkar efnahvarfa. Útreikningar byggðir á efnahvörfum, vatn og vatnslausnir, felling og massamælingar, sýru-basa titrun. Efni í loftham: loftþrýstingur, eðlislögmál lofts, ástandsjafræði lofts, efnahvörf og rúmmál lofttegunda. Efnaorka: inn- og útvermin efnahvörf, varmamælingar, varmajöfnur, myndunarvarmi, ritun varmajafna, vötnunarorka og lögmál Hess. Atóm og skammtafræði: litróf, rafsegulbylgjur, orkuskammtar og ljóseindir. Línulitróf, orkuþrep atóma, skammtatölur, lögur og lega svigrúma. Lotubundnir eiginleikar frumefna: lotubundin rafeindaskipan, svigrúma-hýsing, regla Hund's, rafeindaskipan jóna.

Námsgögn: General Chemistry eftir Raymond Chang 4. útgáfa.

V. bekkur, náttúrufræðibraut, líffræðisvið:

EFN203:

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

Námslýsing: Hraði efnahvarfa: framvinda efnahvarfa, árekstrakenningin, þættir sem hafa áhrif á hraða efnahvarfa, gangur efnahvarfa. Lotubundnir eiginleikar frumefna: lotubundin raf-eindaskipan og svigrúmahýsing, rafeindaskipan jóna. Lögum, svigrúma og skautun sameinda, sameindalíkön, VSEPR byggingar, skautun tengja, blönduð einkenni tengja. Vökvar og föst efni: jónaefni og málmar, bræðslu- og suðumark sameinda, vetnistengi og van der Waalstengi, yfirborðsspenna og seigja vökva, eiginleikar vatns, föst efni (jóna-, sameinda- og málmkristallar, stórsameindir og myndlaus efni) og hamskipti.

Kennslugögn: *General Chemistry* eftir Raymond Chang 4.útgáfa. Verklegar æfingar og viðbótarefni á skólanetinu.

VI. bekkur, náttúrufræðibraut, eðlisfræðisvið:

EFN213:

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

Námslýsing: Lotubundnir eiginleikar frumefna: lotubundin rafeindaskipan og svigrúmahýsing, rafeindaskipan jóna. Lögum, svigrúma og skautun sameinda, sameindalíkön, VSEPR byggingar, skautun tengja, blönduð einkenni tengja. Vökvar og föst efni: jónaefni og málmar, bræðslu- og suðumark sameinda, vetnistengi og van der Waalstengi, yfirborðsspenna og seigja vökva, eiginleikar vatns. Lífræn efni: virkir hópar, IUPAC-nafngiftakerfið, flokkar lífrænna efna, cis/trans ísómerur, efnahvörf lífrænna efna. Efnajafnvægi: jafnvægisstaða, jafnvægislögmálið, jafnvægisfasti, lofttegundir og blönduð kerfi, þættir sem hafa áhrif á jafnvægi.

Kennslugögn: *General Chemistry* eftir Raymond Chang 4. útgáfa. Viðbótarefni á skólanetinu.

VI. bekkur, náttúrufræðibraut, líffræðisvið:

EFN303:

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði sem þátt í heimsmynd nútímans og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

Námslýsing: Efnajafnvægi: jafnvægisstaða, jafnvægislögmálið, jafnvægisfasti, lofttegundir og blönduð kerfi, þættir sem hafa áhrif á jafnvægi. Sölt í vatnslausn, leysni og leysnimargfeldi, áhrif sameiginlegra jóna á leysni, botnfallsreikningar. Sýrur og basar, sjálfsjónun vatns, jafnvægisfastinn K_v , rammar og daufar sýrur, rammir og daufir basar, pH, fjölróteindasýrur, dúaláusnir. Oxun og afoxun, oxunartölur, stilling oxunar-afoxunarjafna. Rafefnafræði: raflausnir, rafhlöður, spennuröð, rafgreining, staðalspenna, óreiða, annað lögmál varmafræðinnar, þriðja lögmál varmafræðinnar, sjálfgeg efnahvörf, Gibbs frjáls orka.

Kennslugögn: *General Chemistry* eftir Raymond Chang 4. útgáfa. Verklegar æfingar og viðbótarefni á skólanetinu.

VI. bekkur, náttúrufræðibraut, líffræðisvið:

EFN313:

Lífræn efnafræði og lífefnafræði.

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði lífrænnar efnafræði og lífefnafræði og veita grunnþekkingu fyrir frekara nám á háskólastigi.

Námslýsing: Bygging, efnatengi og efnahvörf lífrænna sameinda. Alkanar, alkenar og alkýnar. Aromatísk hringsambönd. Rúmefnafræði og hendni. Alkylhalíð, alkóhól, fenól og eterar. Kjarnsækin skiptihvörf, SN1 og SN2. Aldehyð og ketónar, kjarnsækin álagningarhvörf. Karboxýlsýrur og afleiður þeirra. Amín. Kolvetni, amínósýrur, peptíð, prótein, lípíð og kjarnsýrur.

Kennslugögn: *Fundamentals of Organic Chemistry* (6.útgáfa) eftir McMurry & Simanek. Verklegar æfingar og viðbótarefni frá kennara.

Enska

Enska er kennd á öllum brautum skólans í öllum bekkjum. Fjöldi kennslustunda fer eftir áherslum og markmiðum hvernar brautar. Námsefnið er fjölbreytt og glíma nemendur bæði við efni sem sniðið er að þörfum atvinnulífsins í verslun og viðskiptum auk efnis sem fremur er almenns eðlis, ásamt efni sem tengist sérsviði nemenda eða deildar. Verzlunarskóli Íslands telur nauðsynlegt að nemendur fái eins mikla enskukennslu og kostur er, bæði vegna mikilvægi tungumálsins á alþjóðavettvangi og gildi þess í hugsanlegu framhaldsnámi þeirra. Mikilvægt er að nemendur átti sig á þeirri staðreynd að kunnátta í erlendum málum getur lagt grunn að skilningi, virðingu og umburðarlyndi milli manna og er mikilvæg forsenda farsælla viðskipta og samskipta við einstaklinga af öðru þjóðerni.

III. bekkur:

ENS102:

Námslýsing: Nemendur lesa almenna texta um margvísleg efni sem eru ræddir á ensku og einstaka orð og orðatiltæki þýdd á íslensku. Einstök hugtök eru skýrð á ensku. Stutt verkefni/próf bæði munnleg og skrifleg eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem fyrir kemur í lestextum. Sérstök verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun orðabókar. Smásögur eru hraðlesnar svo og ein stutt skáldsaga og úr henni skrifuð ritgerð.

Kennslugögn: May Cunningham, Sarah and Moor, Peter, *New Cutting Edge – Upper Intermediate*. Sutcliff, R., *Tristan and Iseult*, A Sunburst Book. *Splinters* - a collection of short stories, (1999) Oxford University Press. Stílahefti fyrir 3. bekk, 2002 útgáfa. Enskur málfræðilykill.

ENS202:

Námslýsing: Nemendur lesa almenna texta um margvísleg efni sem eru ræddir á ensku og einstaka orð og orðatiltæki þýdd á íslensku. Einstök hugtök eru skýrð á ensku. Stutt verkefni/próf bæði munnleg og skrifleg eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem fyrir kemur í lestextum. Sérstök verkefni eru unnin til að þjálfa nemendur í notkun orðabókar. Smásögur eru hraðlesnar svo og ein stutt skáldsaga og úr henni skrifuð ritgerð.

Kennslugögn: May Cunningham, Sarah and Moor, Peter, *New Cutting Edge – Upper Intermediate*, Marshall Cavendish 2005. Ryan, Chris, *Survival, Alpha Force*, *Splinters* - a collection of short stories, (1999) Oxford University Press. Stílahefti fyrir 3. bekk, 2002 útgáfa. Enskur málfræðilykill.

IV. bekkur:

ENS212:

Námslýsing: Í þessum áfanga er byrjað að vinna með viðskiptaensku og er stór hluti áfangans helgaður orðaforða verslunar- og viðskipta. Farið í uppbyggingu verslunarbréfa. Haldið er áfram að rifja upp málfræði og lesnar smásögur og ein skáldsaga og úr henni skrifuð ritgerð.

Kennslugögn: Lannon, M., Tullis, G. and Trappe, T., (1998) *New Insights into Business. Essential Materials* (hefti sem selt er á skrifstofu skólans), Lott, Hester, *Real English Grammar*. Haddon Mark, *The Curious Incident of the Dog in the Night-time*. Enskur málfræðilykill.

IV. bekkur:

ENS303:

Námslýsing: Haldið er áfram að vinna með viðskiptaensku og byggð upp færni á því sviði málnotkunar ásamt orðaforða. Unnið stórt verkefni á því sviði þar sem nemendur skiptast á verslunarbréfum. Lesnar eru smásögur og skáldsögur og unnin ritgerð. Ein stór munnleg framsaga.

Kennslugögn: Lannon, M., Tullis, G. and Trappe, T., (1998) *New Insights into Business*, Longman. *Essential Materials* (hefti sem selt er á skrifstofu skólans), Lott, Hester, *Real English Grammar*. Ryan, Chris, *Survival, Alpha Force*. Enskur málfræðilykill.

V. bekkur, félagsfræða-, mála- og viðskiptabraut:

ENS403:

Námslýsing: Nemendur dýpka færni sína í ensku og ritun ritgerða. Einnig lesa þeir almenna texta um málefni líðandi stundar. Nemendur flytja munnlegt verkefni um skáldsögu að eigin vali. Stutt verkefni eru unnin til að þjálfar nemendur í notkun á nýjum orðaforða sem kemur fyrir í lestextum. Smásögur eru hraðlesnar. Margvísleg verkefni bæði munnleg og skrifleg eru unnin í tengslum við það efni, þ.e. nemendur gera ýmist formlega eða óformlega grein fyrir efninu eða skoðunum sínum á því. Lögð er aukin áhersla á form ritgerða þannig að nemendur nái tökum á grundvallaratriðum í ritgerðasmíð.

Kennslugögn: Lannon, M., Tullis, G. and Trappe, T., (1998) *New Insights into Business*, Longman. Kenny, Nick, (2002) *New Proficiency Passkey*. Enskur málfræðilykill.

VI. bekkur, félagsfræða-, mála- og viðskiptabraut:

ENS503:

Viðfangsefni þessa námskeiðs er bandarískt þjóðfélag og menning. Nemendur vinna margvísleg verkefni með hjálp kennslubókar, Netsins, ýmissa blaðagreina, smásagna og skáldsögu. Leitast verður við að dýpka skilning nemenda á einni áhrifamestu menningu heimsins. Auk þess verður unnið með sérhæfðan orðaforða og æfingar gerðar til þess að þjálfar nemendur í notkun orðaforðans. Þjálfun mun einnig fara fram í að skrifa rannsóknarritgerðir.

Kennslugögn: Christopher Garwood, Guglielmo Gardani, Edda Peris, *Aspects of Britain and the USA*. Oxford University Press, Pete Sharma, *Reading the News*, Nick McDonell, *Twelve* (skáldsaga), *Enskur orðalykill* (orange-coloured card listing 570 English words with Icelandic translations). Edda.

VI. bekkur, félagsfræða- og málabraut:

ENS613:

Þetta er námskeið sem byggir á því að það er farið þematískt í þróun orðaforða á háu plani. Því er skipt í 4 til 5 hluta. Áhersla er lögð á sjálfstæða vinnu nemenda, bæði einstaklings- og hópverkefni að ritunar- og talverkefnum. Efnisþættirnir eru þróun ensku sem heimsmáls, menning ungs fólks í bókmenntum og kvikmyndum og málefnum líðandi stundar. Lesið er eitt leikrit og að minnsta kosti eitt verk til viðbótar úr nútímabókmenntum.

Kennslugögn: Pete Sharma, *Reading the News*, *Enskur orðalykill*, J.D. Salinger, *Catcher in the Rye*, Ronald Harwood, *The Pianist and Taking Sides*. Valbækur lesnar á málabraut.

Valgrein í V. bekk:

ENS413:

Lesnir kaflar úr bókinni *Essential Academic Vocabulary*, sem er kennslubók með greinum úr ýmsum sviðum vísinda og hefur það að markmiði að styrkja enskukunnáttu nemenda fyrir háskólanám. Einnig lesnar ýmsar greinar sem tengjast vísindum og málefnum líðandi stundar. Nemendur verða hvattir til að taka þátt í að velja greinar og umfjöllunarefni eftir áhugasviði sínu. Ein skáldsaga lesin í áfanganum og voru nemendur með í ráðum að velja hana.

Ferðamálafræði

V. og VI. bekkur val:

FER103:

Markmið: Að nemendur:

- kynnist grundvallarhugtökum í ferðamálafræðum.
- þekki þróun og sögu ferðaþjónustunnar í heiminum.
- þekki jákvæð og neikvæð áhrif ferðaþjónustu á efnahagslíf, samfélög, menningu og umhverfi.
- geri sér grein fyrir helstu einkennum og aðráttaraflí ferðamannastaða.

Námslýsing: Áfanginn er þrískiptur. Í fyrsta hluta námskeiðsins verður fjallað um upphaf og þróun ferðaþjónustu í heiminum. Rætt verður um hugtök og kenningar í sögu ferðaþjónustunnar og helstu tegundir ferðalaga. Í öðrum hluta námskeiðsins verður fjallað um ferðaþjónustu á Íslandi. Nemendur kynnast helstu ferðamannastöðum og ferðamöguleikum sem eru í boði hér á landi. Farið verður yfir þróun atvinnugreinarinnar og framtíðarhorfur. Í þessum hluta námskeiðsins verður farið í vettvangsferð. Þriðji og síðasti hluti námskeiðsins fjallar um ferðalandafræði útlanda. Nokkrir ferðamannastaðir í heiminum verða kynntir, fjallað verður um hvað gerir stað eða land áhugavert og eftir hverju ferðamenn sækjast á ferðalögum sínum.

Kennslugögn: Áfanginn er próflaus en námsmat mun byggjast á fjölbreyttri verkefnavinnu. Nemendur munu meðal annars skipuleggja ferð um Ísland, fara í ímyndað ferðalag til framandi lands og skila ferilmöppu.

Félagsfræði

IV. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

FÉL303:

Markmið: Meginmarkmið áfangans er að gera nemendur hæfari til virkrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Með því að kynnast stjórnámum og stjórnskipan og forsendum þeirra og forsögu, verði nemendur færir um að taka afstöðu til mismundandi samfélagshugmynda á eigin forsendum.

Námslýsing: Í FÉL303 er fjallað um félagsgreinar en einkum um stjórnám; kenningar stjórnamálafræðinnar, kenningar um æskilega samfélagsskipan, stjórnám og stjórnskipan nútímans á Íslandi og að lokum veitt stutt innsýn í alþjóðastjórnám. Jafnframt verða fréttir líðandi stundar skoðaðar í samhengi við námsefnið.

Kennslugögn: Stefán Karlsson: *Stjórnamálafræði: Stjórnámastefnur. Stjórnskipan. Alþjóðastjórnám*. Iðnú, Reykjavík 2003. *Önnur námsgögn* (sem kennarar útvega): Garðar Gíslason: *Félagsfræði. Einstaklingur og samfélag. Mál og Menning*. Reykjavík 2001 (bls. 11 – 29; ljósrit frá kennara). *Bæklingur um Alþingi. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands*. Annað efni frá kennurum.

Fjármál

VI. bekkur, viðskiptabraut, hagfræðisvið:

FJÁ103:

Markmið: Að nemendur geti orðið virkir þátttakendur á verðbréfamarkaði í þeim skilningi að þeir geti meðtekið og skilið þær upplýsingar sem fram koma á markaðnum og dregið ályktanir út frá eigin athugunum. Þeir eiga að vera færir um að geta fundið og nýtt sér fjármálaupplýsingar af Netinu. Enn fremur að skilja hvað fjárfestingareikningar ganga út á og að geta reiknað arðsemi einfaldrá fjárfestinga.

Námslýsing: Tímagildi peninga. Fjárfestingaútreikningar og ávöxtunarkrafa. Núvirðis- og afkastavaxtaaðferðir. Mismunandi tegundir skuldabréfa og uppbygging íslenska skuldabréfa-markaðarins. Hlutabréf, verðbréfafing og vísitölur. Kennitölur. Ávöxtun og áhætta skulda- og hlutabréfa. Notkun staðalfrávíks og fervika til að reikna áhættu. Fyrirtækja- og markaðsáhætta. Skilvirk eignasöfn, framlína og markaðslína. Kennslan var í formi fyrirlestra og skýringardæma. Nemendur þurftu að vinna verkefni bæði heima og í tímum.

Kennslugögn: *Verðbréf og áhætta*, útg. VÍB ásamt ítarefni. Dæmahefti.

Fjölmiðlar, fréttir, stjórnmal og miðlun efnis

VI. bekkur, val:

FJÖ113:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist skilning á helstu hugtökum í stjórnmalum og innsýn í íslenska pólitík.
- kynnist sem flestum tegundum fjölmiðla, kostum þeirra og göllum.
- þekki helstu kenningar varðandi fjölmiðla í samtímanum.
- öðlist færni í ritun og miðlun efnis, t.d. á neti og prentuðu formi.
- öðlist færni í notkun umbrotsforrita og annarra framsetningar- og hljóðforrita.
- þroski hæfileika sína til að taka þátt í akademískri umræðu.
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og samstarfshæfni í hópavinnu.

Áfangalýsing: Í áfanganum verður fjallað um fréttá- og fjölmiðlaheiminn á Íslandi, einkum í tengslum við stjórnmal og stjórnmalasögu. Áfanginn er að hluta til verkefnaáfangi þar sem nemendur hljóta æfingu í að miðla fræðilegu efni, t.d. á Netinu og í prentuðu formi. Áfanginn byggist jafnframt töluvert á umræðutímum. Námsmat er byggt á verkefnavinnu og símati yfir önnina.

Kennslugögn: Vinnuskýrsla í hópavinnu. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og verkáætlun í hópavinnu. Samvinna, þrír til fjórir saman í hóp. Verkefninu skal fylgja nákvæm vinnuskýrsla um framvindu vinnunnar og vinnuframlag hvers og eins.

Forritun

V. bekkur:

TÖL103 Inngangur að forritun:

Markmið: Að nemendur:

- kunni reikninga milli talnakerfa með aðaláherslu á tvíundarkerfið.
- hafi þekkingu á sögu forritunar og helstu atriðum sem marka tímamót.
- kunni skil á innviði tölvu og hvert hlutverk hvorrar einingar tölvunnar sé.
- kynnist samspili vélbúnaðar og hugbúnaðar.
- kynnist því hvað algrím er.
- geti forritað með skilyrðum, lykkjum og föllum.
- geti metið hvernig best er að greina, hanna og forrita einfaldari forrit.
- geti skipulagt tög og uppbyggingu forrita með föllum og stefnum.

Námslýsing:

Fyrri hluti: Farið er yfir sögu tölvutækninnar þ.á.m. forritunarmála og nemendur verða látnir læra að breyta tölum milli talnakerfa (aðaláhersla á tvíundarkerfið). Nemendur lesa sér til um byggingu tölvunnar, helstu vélarhluta og samband hennar við umheiminn. Farið verður yfir efni um minni, gögn og mismunandi tegundir hugbúnaðar. Nemendur fá kynningu á því hvað algrím, flækjustig og reiknanleiki eru þegar kemur að tölvum.

Seinni hluti: Nemendur fá undirstöðupjálfun í forritun í hlutbundna forritunarmálinu Java. Nemendur læra að skrifa hefðbundin forrit sem keyra í textaham. Forritin verða oft með stærðfræðitengdar lausnir.

Kennslugögn: *Kennslubók í tölvufræði fyrir framhaldsskóla* eftir Atla Harðarson. Útgefandi er Iðnú, 2001. Kaflar 1–5 og 7 teknir fyrir, köflum 6 og 8 sleppt. Verður notuð í vikum 1–5.

Kennslubók í forritun fyrir framhaldsskóla eftir Atla Harðarson. Útgefandi er Iðnú, 2. útgáfa, 2001. Verður notuð í vikum 6–15.

Franska

Markmið: Að nemendur geti skilið venjulegt franskt tal- og ritmál og öðlist þá undirstöðu í frönsku að þeir geti fljótlega bjargað sér í frönskumælandi umhverfi.

Námslýsing: Málfræðipjálfun, lesskilningur, hlustunar- og talæfingar, ritpjálfun. Margvísleg heimaverkefni og skyndipróf tekin á árinu auk minni verkefna og skilaverkefna.

III. bekkur:

Kennslugögn: Taxi! 1 *Méthode de Français + Cahier d'exercices*, eftir Guy Capelle og Robert Menand. Kaflar 0 – 17 að báðum meðtöldum.

IV. bekkur:

Kennslugögn: Taxi! 1 *Méthode de Français + Cahier d'exercices*, eftir Guy Capelle og Robert Menand. Kaflar 18 – 36 að báðum meðtöldum. Á haustönn voru lesnar 5 smásögur úr bókinni *Quelle histoire* eftir Véronique Lönnerblad, Sylvia Martin og Jens Weibrech. Lesin sagan *Des voisins mystérieux* á vorönn. Einnig voru unnin ýmis verkefni frá kennara.

V. bekkur:

Kennslugögn: Taxi! 1 *Méthode de Français + Cahier d'exercices*, eftir Guy Capelle og Robert Menand. Kaflar 30 – 36 að báðum meðtöldum. Einnig voru lesin fimm ævintýri úr bókinni *Les Contes de Perrault* eftir Charles Perrault og skáldsagan *Maigret et la grande perche*, eftir George Simenon. Auk þess voru unnin ýmis verkefni frá kennara.

Á málabraut lásu nemendur nokkrar smásögur í ljósríti frá kennara og unnu málfræðihefti. Tal og hlustun voru æfð jöfnum höndum.

VI. bekkur, félagsfræða- og málabraut:

Kennslugögn: *Málfræðiljósrít* frá kennara. *Smásögur* í ljósríti frá kennara, Einnig voru lesnar bækurnar *Maigret et la grande perche* eftir Georges Simenon, *Meurtre dans un jardin français* eftir Béatrice Nicodème. Tal og hlustun voru einnig æfð jöfnum höndum. Á vorönn lásu nemendur málabrautar smásögurnar *Mon oncle Jules* og *La Parure* og skáldsöguna *Cyrano de Bergerac*. Einnig var haldið áfram að æfa tal og hlustun. Nemendur lásu frjálslestrarbók og skrifuðu um hana stutta ritgerð. Einnig horfðu nemendur á tvær kvikmyndir í tengslum við námsefnið og unnu líka stórt hópverkefni um ferð til Frakklands.

Frumkvöðlafræði

V. bekkur, val:

FRU103:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist þekkingu á frumkvöðlastarfsemi.
- hafi tök á gerð viðskiptaáætlunar.
- undirbúi nemendur til að verða frumkvöðlar á einn eða annan hátt.

Námslýsing: Grunnhugök eins og nýsköpun, frumkvöðlastarfsemi og frumkvæði skoðað. Farið í þá þætti sem snýr að stofnun fyrirtækja. Allt frá því að viðskiptahugmynd fæðist og þar til hún

er orðin söluvara. Þættir eins og hugarflug, greining stykleika og veikleika, greining ógnana og tækifæra. Hvaða markað á að herja á? Hver er algengasta ástæða þess að fólk hefji atvinnurekstur? Hve hátt hlutfall nýrra fyrirtækja ná að lifa af og verða að alvöru fyrirtæki? Hvað er það sem einkennir frumkvöðla? Hvaða stofnana er hægt að leita til við stofnun fyrirtækja? Mikil áhersla er lögð á góða viðskiptaáætlun og þættir sem snúa að stjórnendum og leiðtogum skoðaðir. Farið er í muninn á stjórnanda og leiðtoga. Farið er yfir þróun frumkvöðlastarfsemi héraendis og erlendis. Hvernig koma stjórnvöld að hvatningu til nýsköpunar? Nemendur vinna verkefni sem tengist frumkvöðlastarfssemi og halda fyrirlestur.

Kennslugögn: Lesefni frá kennara.

Gagnasafnsfræði

VI. bekkur, náttúrufræðabraut:

TÖL113:

Markmið: Að nemandi:

- greini þörf fyrir gagnasafn og hvaða upplýsingar eigi að koma þar fram.
- hanni gagnasafn með einindavenslalíkönum þar sem vensl og eigindir koma fram.
- skipuleggi og setji upp gagnasöfn; það felur í sér: lyklun breytna (einkvæma og margkvæma).
tögun breytna (mismunandi tölugildi og textagildi).
aðrar eigindir breytna sem viðkomandi gagnasafnsforrit býður upp á.
- velji gögn úr gagnasöfnum með fyrirspurnarmáli (SQL) sem, m.a. felur í sér að geta beitt rökaðgerðum, s.s. AND, OR, NOT, XOR.
- kynnist öryggi gagnasafna, t.d. dulkóðun gagnagrunna, þjöppun og afþjöppun gagna.
- kynnist dæmum um tölvuglæpi er tengjast gagnasöfnum, t.d. innbrotum, fölskum gögnum og afleiðingum.
- geti metið hvernig best er að skipuleggja og vinna með gagnasöfn.
- geti prófað gagnasafn með skipulegum hætti.

Námslýsing: Farið verður í undirstöðuatriði gagnasafnsfræða, s.s. skipulag og vensl gagnasafna og fyrirspurnarmál. Gagnagrunnsforritið MySQL verður notað af Netinu til að búa til gagnasöfn. Kennslugögn: *Gagnasafnsfræði og SQL* eftir Sigurð Ragnarsson. Útgefandi er Iðnú, 2003.

Heimspeki

V. bekkur val (vorönn):

HEI103:

Námslýsing: Farið með nemendum í gegnum lesheftið með mikilli áherslu á umræður og að nemendur nái skilningi á efninu. Unnið með aðferðir úr heimspekipraktík, efnt til heimspekikaffihúss, sókratískrar samræðu og heimspekilegs samræðufélags. Gestum var boðið í nokkra tíma og þannig veitt innsýn í ólík viðhorf til veraldarinnar. Nemendur unnu verkefni úr kvikmynd með tilliti til heimspekilegs innihalds.

Kennslugögn: *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack.

Íslenska

ÍSL102:

Markmið: Að nemandi öðlist færni í lestri ólíkra bókmenntatexta og læri jafnframt að tjá sig í ræðu og riti.

Námslýsing: Nemendur lesa fjölbreytta texta frá ýmsum tímum og fjalla um þá, bæði bókmenntir og annars konar texta. Nemendur fá innsýn í grunnhugtök bókmenntafræði. Þar má nefna tíma, umhverfi, sjónarhorn, persónulýsingar, boðskap, rím, ljóðstafi og myndmál. Markviss þjálfun í ræðu og riti fer fram a.m.k. einu sinni í viku. Áhersla er lögð á framsögn við ýmiss konar tækifæri. Þá er einnig lögð áhersla á að styrkja sjálfstraust nemendanna. Nemendur vinna margs konar ritunarverkefni samkvæmt ferliritun og nýta sér ný kennsluforrit sem gagnast þeim við að skipuleggja ritsmíðar. Fjallað er um efnisgreinar, byggingu ritsmíða og röksemdafærslu. Nemendur eru þjálfaðir í að skrifa margs konar texta, bæði hlutlæga og huglæga, kenndur er frágangur ritaðs máls og notkun hjálpargagna, svo sem handbóka, orðabóka og leiðréttingarforrita. Nemendur eru þjálfaðir í stafsetningu eftir því sem þörf krefur. Þeir eru þjálfaðir í að nota orðabækur, kennsluforrit og beita málfræðireglum til að ná árangri í stafsetningu.

Kennslugögn: *Íslenska eitt* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson.

Lykill að stafsetningu og greinarmerkjum eftir Baldur Sigurðsson, o.fl.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason.

Markviss framsögn. Glærur á skólaneti Verzlunarskólans.

Valbækur. Nánar í samráði við kennara. Handbækur og ítarefni:

Handbók í íslenskri málfræði eftir Höskuld Þráinsson. Mál og menning, Reykjavík.

Stafsetningarorðabók með skýringum. Halldór Halldórsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Ritbjörg. Kennsluforrit í ritun á skólaneti Verzlunarskólans.

Stoðkennarinn eftir Starkað Barkarson. Tölvustutt námsefni í málfræði og stafsetningu á skólaneti Verzlunarskólans.

ÍSL202:

Markmið: Að nemandi öðlist hæfni í að beita fræðilegum hugtökum, t. d. setningafræðilegum og málfræðilegum, við umfjöllun, rökræður og samanburð ólíkra texta. Hann læri um leið að nýta sér þekkingu sína og þjálfun við eigin textagerð.

Námslýsing: Í áfanganum er megináhersla lögð á að lesa ólíka texta frá bókmenntalegu og málfarslegu sjónarmiði, þ.e. Íslendingaþætti og nútímaskáldsögu. Grundvallaratriði málfræðinnar eru rifjuð upp. Farið er yfir setningafræði og nemendur greina texta í setningarhluta. Þeir eru þjálfaðir í að greina og glöggva sig á skiptingu texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar. Gerð er grein fyrir reglum um greinarmerki og nemendur þjálfaðir í notkun þeirra. Þá greina nemendur texta frá ýmsum tímum og huga að stíl og stílbrigðum textans. Markviss þjálfun í ræðu og riti fer fram a.m.k. einu sinni í viku. Áhersla er lögð á framsögn við ýmiss konar tækifæri, t.d. kynningu verkefna, umfjöllun um kjörbók og kvikmynd. Nemendur vinna margs konar ritunarverkefni samkvæmt ferliritun og vinna rökfærsluriterð. Þeir nýta upplýsingatækni við flutning og frágang verkefna.

Kennslugögn: *Íslenska eitt* eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson. Mál og menning, Reykjavík.

Tungutak – Setningafræði handa framhaldsskólum eftir Ásdísi Arnalds, Elínborgu Ragnarsdóttur og Sólveigu Einarsdóttur. JPV útgáfa, Reykjavík.

Íslendingaþættir. Sóttir á Netið.

Grafarþögn eftir Arnald Indriðason. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason. Mál og menning, Reykjavík.

Markviss framsögn. Glærur á skólaneti Verzlunarskólans.

Valbók í samráði við kennara. Nánar síðar.

ÍSL 212:

Markmið: Að nemendur kynnist sögu íslensks máls frá fornum tímum til nútímans. Norræn goðafræði og hugmyndaheimur norrænna manna til forna skoðaður. Nemendur verði færir um að afla og nýta sér heimildir í ræðu og riti um efnið.

Námslýsing: Fjallað verður um sögu máls og menningar frá frumnorrænum tíma fram til okkar daga. Farið verður yfir sögu íslensks máls og rætt um skyldleika málsins við önnur tungumál, helstu hljóð- og málbreytingar íslenskunnar og mállýskuafringdi. Nemendur kynnst norrænni goðafræði og hugmyndaheimi norrænna manna til forna. Nemendur fá þjálfun í helstu aðferðum við meðferð heimilda í ritun og enn fremur í því að hagnýta sér upplýsingatækni við flutning og frágang verkefna.

Kennslugögn: *Íslensk málsaga* eftir Sölva Sveinsson, 3. útgáfa endurskoðuð. Iðunn, Reykjavík. *Edda Snorra Sturlusonar, Gylfaginning og frásagnarkafar Skáldskaparmála*. Gunnar Skarphéðinsson bjó til prentunar. Iðnú, Reykjavík.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason. Mál og menning, Reykjavík.

Óvinafagnaður eftir Einar Kárason. Mál og menning, Reykjavík.

ÍSL303:

Markmið: Að nemendur kynnist sögu íslenskra bókmennta frá landnámi til siðaskipta. Geti lesið fornbókmenntir og tjáð sig um þær í ræðu og riti.

Námslýsing: Nemendur lesa fornan kveðskap, eddukvæði og dróttkvæði. Kynntar eru helstu greinar sagnritunar: konungasögur, biskupasögur, samtíðarsögur, Íslendingasögur, fornaldar-sögur Norðurlanda og riddarasögur. Nemendur lesa eina Íslendingasögu og fjalla um hana bæði í ræðu og riti. Einnig eru þeir þjálfaðir í meðferð heimilda.

Kennslugögn: *Ormurinn langi – Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900*. Bragi Hall-dórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson önnuðust útgáfuna. Bjartur, Reykjavík. *Bókastoð. Ágrip af íslenskri bókmenntasögu* eftir Kristján Eiríksson og Sigurborgu Hilmarsdóttur. Iðnú, Reykjavík.

Brennu-Njáls saga, mælt er með útgáfu Iðnú, Jón Böðvarsson bjó til prentunar.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason. Mál og menning, Reykjavík.

ÍSL403:

Markmið: Að nemendur kynnist sögu íslenskra bókmennta frá siðaskiptum fram til 1900. Að nemendur átti sig á samspili þjóðfélagsaðstæðna og menningarlífs í bókmenntum tímabilsins.

Námslýsing: Vakin er athygli á því hvernig málfar íslenskra bókmennta og bókmenntirnar sjálfar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum siðaskipta, lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis. Nemendur lesa valda texta frá tímabilinu og gefa jafnt gaum að málfari þeirra og hugmyndum, auk þess sem þeir þjálfast í ljóðalestri. Nemendur kynnst hugmyndum manna á 18. og 19. öld um íslenska tungu og viðleitni þeirra til málhreinsunar. Nemendur fá einnig tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um einstök verk og höfunda þeirra.

Kennslugögn: *Ormurinn langi – Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900*. Bragi Hall-dórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson önnuðust útgáfuna. Bjartur, Reykjavík. *Bókastoð – Ágrip af íslenskri bókmenntasögu* eftir Kristján Eiríksson og Sigurborgu Hilmarsdóttur. Iðnú, Reykjavík.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason. Mál og menning, Reykjavík.

Reisubók Guðríðar eftir Steinunni Jóhannesdóttur. Mál og menning, Reykjavík.

ÍSL503:

Markmið: Að nemendur fái innsýn í bókmenntasögu 20. aldar. Þeir átti sig á þeim stefnum og straumum sem einstök bókmenntaverk eru sprottin úr og þjálfist í að gera munnlega og skriflega grein fyrir lestrarreynslu sinni.

Námslýsing: Nemendur kynnast helstu höfundum á þessum tíma, lesa verk eftir þá, glöggva sig á inntaki bókmenntaverkanna og reyna að átta sig á erindi þeirra við eigin samtíma og nútímann. Nemendur gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega með sérstöku tilliti til mismunandi stíls ólíkra höfunda.

Kennslugögn: *Pyrnar og rósir – Sýnisbók íslenskra bókmennta á 20. öld.* Kristján Jóhann Jónsson, Sigríður Stefánsdóttir og Steinunn Inga Óttarsdóttir völdu efnið. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Sögur, ljóð og líf – Íslenskar bókmenntir á 20. öld eftir Heimi Pálsson. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Ljóðamál – Kver um bragfræði og stíl ljóða eftir Braga Halldórsson og Knút S. Hafsteinsson. Mál og menning, Reykjavík.

Sjálfstætt fólk eftir Halldór Kiljan Laxness. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Hagnýt skrif eftir Gísli Skúlason. Mál og menning, Reykjavík.

ÍSL603:

Íslensk og almenn málvísindi:

Markmið: Að nemendur:

- verði búnir undir frekara nám í íslensku og erlendum málum á háskólastigi og kynnist vinnubrögðum sem viðhöfð eru í rannsóknarritgerðum. .

Námslýsing: Í áfanganum eru rifjuð upp megineinkenni íslenska hljóðkerfisins og íslenskrar setningagerðar með það fyrir augum að nemendur geti nýtt sér þessa þekkingu við samanburð íslensku og þeirra erlendu mála sem þeir hafa lært. Nemendur læra einnig að hljóðrita stök orð og samfelldan texta. Nemendur fá þjálfun í lestri fræðilegra greina og gera grein fyrir lestrarreynslu sinni munnlega og skriflega. Fjallað er um hugtökin rétt mál og rangt, gott mál og vont, málvilla, málvenja, mállýska, málsnið og tengsl þessara hugtaka. Nemendur þjálfast í að nota sér málfræðileg hugtök til að fjalla um það sem er líkt og það sem er ólíkt með íslensku og nágrannamálunum og auka um leið skilning sinn á þessum málfræðilegu hugtökum og færni í málum. Félagslegir þættir máls verða skoðaðir; t.d. hvort kynin tjái sig á ólíkan hátt. Nemendur fá einnig þjálfun í þýðingum af erlendu máli yfir á íslensku. Áhersla verður lögð á sjálfstæði nemenda og fagleg vinnubrögð í málfarsrannsókn sem þeir vinna og skila ritgerð um í lok annar.

Kennslugögn: Sigurður Konráðsson. 2000. *Hljóðfræði*. Mál og menning, Reykjavík. Ýmis fjölrít frá kennara afhent í tímum.

Handbækur og ítarefni á bókasafni skólans

Baldur Ragnarsson. 1999. *Tungumál veraldar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Fromkin, Victoria, Robert Rodman & Nina Hyams. 2003. *An Introduction to Language*. Eight edition. Thomson.

Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Íslensk tunga III bindi*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Kristján Árnason. 2005. *Hljóð. Íslensk tunga I. bindi*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Íslenskt mál og almenn málfræði. Íslenska málfræðifélagið, Reykjavík.

Skíma. Mál gagn móðurmálskennara.

Hrafnaping.

Íþróttir

Markmið: Markmið íþróttakennslu í Verzlunarskóla Íslands er að hafa uppbyggjandi áhrif á líkamlega heilsu nemenda svo og andlega og félagslega líðan þeirra. Samkvæmt skilgreiningu WHO á heilsuhugtakinu er heilsa: starfsgeta líkamans, starfsemi líffæra, félagsleg færni og andleg vellíðan. Með öðrum orðum geta til að standast andlegt og líkamlegt álag í nútímasamfélagi.

Samkvæmt námsskrá skal kennslunni skipt upp í fjóra þætti, þ.e.:

Líkams- og heilsurækt.

Þekkingu.

Félags-, tilfinninga- og siðgæðisvitund.

Íþróttir.

Námslýsing: Fyrri hluta náms er megináhersla á mikla hreyfingu og grunnaðferðir til uppbyggingar þols, styrks og liðleika. Auk þess sem nemendur fá fræðslu um uppbyggingu á þoli, krafti, liðleika, réttar líkamsbeitingar og næringar. Reynt er að koma á móts við nemendur eins og kostur er miðað við aðstæður hverju sinni. Kennslan fer fram í tveimur mismunandi sölum. Í stærri salnum fer kennslan að mestu fram í knattleikjaformi, en í hinum minni er oftast byrjað með útiskokki, en síðan inni í sal þar sem ýmist er stöðvaþjálfun eða önnur styrkjandi þjálfun, m.a. í tækjum og með lóð. Í lok hverrar stundar eru gerðar liðleikaæfingar. Í síðari hlutanum (V. og VI. bekk) er skerpt frekar á því sem á undan hefur verið numið. Í bekkjarkerfi er takmarkað svigrúm til þess að bjóða nemendum að velja ákveðnar íþróttagreinar. Að öðrum kosti er leitast við að bjóða upp á sem mesta fjölbreytni. Meðal annars er kenndur dans í tvær vikur á hverju ári og að auki eina viku fyrir peysufatadag hjá IV. bekk. Megintilgangur kennslunnar er að gera nemendur færa um að byggja upp eigin þjálfun og leggja áherslu á holla hreyfingu að loknum framhaldsskóla. Farið er í skyndihjálp og verkleg kennsla í hjartahnoði og blástursaðferð.

Jarðfræði

V. bekkur, náttúrufræðibraut:

JAR103:

Námslýsing: Fjallað er um sögu heimsins frá Miklahvelli til nútíma. Sérstaklega er fjallað um jarðsögu Íslands. Fjallað er um forsendur jarðlagatenginga, aldursákvarðanir og steingervingafræði.

Kennslugögn: *Almenn jarðfræði* eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. Einnig er stuðst við nemendaritgerðir á vef Ólafs Ingólfssonar prófessors við Háskóla Íslands. Nemendur halda fyrirlestra og skrifa skýrslur. Farið er í nokkrar stuttar vettvangsferðir til könnunar á jarðlögum.

V. bekkur, náttúrufræðibraut, líffræðisvið:

JAR203/213:

Námslýsing: Fjallað er um sögu heimsins frá Miklahvelli til nútíma. Sérstaklega er fjallað um jarðsögu Íslands. Fjallað er um forsendur jarðlagatenginga, aldursákvarðanir og steingervingafræði.

Nemendur halda fyrirlestra og skrifa skýrslur. Farið er í nokkrar stuttar vettvangsferðir til könnunar á jarðlögum.

Kennslugögn: *Almenn jarðfræði* eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. Einnig er stuðst við nemendaritgerðir á vef Ólafs Ingólfssonar prófessors við Háskóla Íslands.

Kvikmyndagerð og kvikmyndasaga

VI. bekkur val:

KVI113:

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á kvikmyndagerð; þ.m.t. innsýn inn í tæknilegan bakgrunn, sem og vinnuferli og handritagerð. Að nemendur fái staðgöða þekkingu og glöggan skilning á sögu kvikmyndalistar, þróun í gerð þeirra og helstu greinar þeirra.

Námslýsing: Fjallað var um gerð og greiningu kvikmynda, svo og sögu kvikmyndagerðar í fyrirlestrum og umræðum. Nemendur unnu verkefni í tíma sem utan, um ofangreint, og lögðu

mat á einstök verk kvikmyndasögunnar. Áfanginn var samvinnuverkefni íslenskudeildar og sögudeildar.

Kennslugögn: Gylfi Hafsteinsson: **Kvikmyndagerð og -greining**. Ví 2007. Annað efni frá kennurum.

Landafræði

VI. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

LAN103:

Markmið: Markmið kennslu í landafræði er að gera nemendur læsa á mikilvæga þætti í umhverfi, samfélagi og menningu frá nánasta sviði til hinna fjarlægari. Leiðin að þessu marki er að þjálfna nemendur í að átta sig á áhrifum menningar, efnahags, stjórn mála og félagslegra þátta í tengslum fólks og umhverfis. Liður í því er að nemendur fáist við orð, tölur og tákni, sem og texta, myndir, gröf, töflur, uppdrætti og kort og að setja niðurstöður athugana skilmerkilega fram.

Námslýsing: Í áfanganum er fjallað um landafræði sem fræðigrein, notagildi hennar og tengsl við aðrar fræðigreinar. Lögð er áhersla á kortalestur og kortagerð. Fjallað verður um landnýtingu á Íslandi og á heimsvísu, breytingar á notkun lands og afleiðingar þess. Skilgreint er hvað felst í skipulagi lands og á hvaða stöðum slíkt skipulag hvílir. Gerð er grein fyrir undirstöðum efnahagslífs, nýtingu auðlinda og tengslum þessara þátta. Kynnt eru grunnhugtök lýðfræðinnar, vandamál er tengjast fólksfjölgun og breytingum á búsetumynstri og loks orsakir og afleiðingar fólksflutninga.

Kennslugögn: Peter Östman o.fl.: *Landafræði. Maðurinn-auðlindirnar-umhverfið*. Jónas Helgason þýddi og staðfærði. Mál og menning, Reykjavík, 2005. Annað efni frá kennara.

Latína

IV. bekkur, málabraut:

LAT102:

Námslýsing: Aðaláhersla var lögð á undirstöðuatriði latneskrar málfræði, s.s. sagnbeygingu, nafnorð, lýsingarorð o.fl. Lesnir léttir kaflar í samfelldu máli. Fjallað rækilega um tengsl latínu við nýju málin. Kenndar voru fjórar stundir í viku.

Kennslugögn: Árni Hermannsson: *Kennslubók í latínu I*, ásamt orðasafni.

V. bekkur, málabraut:

LAT202:

Námslýsing: Lokið að mestu yfirferð í málfræði. Áhersla lögð á orðaforða, orðmyndun, hugtakaheiti og tengsl latínu við nýju málin. Farið í latneska orðstofna og lesnir valdir kaflar úr enskri bók um uppruna orða í ensku og frönsku. Einnig farið í orðstofna í grísku og áhrif þeirra í Evrópumálunum. Heimastílar og skriflegar æfingar reglulega. Kenndar voru fjórar stundir í viku.

Kennslugögn: Sömu bækur og getið var um með námsefni IV. bekkjar. Árni Hermannsson: *Latneskir málshættir og grískir orðstofnar og uppruni enskra og franska orða*.

VI. bekkur, málabraut:

LAT302:

Námslýsing: Lokið við alla höfuðþætti latneskrar málfræði og farið að auki í setningaskipan og áhrif latínu á setningaskipan og annað í nýju málunum. Farið áfram í latneska orðstofna og lesnir textar úr ýmsum áttum. Farið í gríska orðstofna og lesnir kaflar í orðmyndun í ensku og öðrum málum. Heimastílar og skriflegar æfingar reglulega. Kenndar voru fjórar stundir í viku.

Kennslugögn: Sömu bækur og getið var um með námsefni V. bekkjar. Árni Hermannsson: *Latneskir málshættir og grískir orðstofnar og uppruni enskra og franskra orða*. Auk þess fjölrítað efni, textar, stílar o.fl.

Lestur góðra bóka

V. og VI. bekkur val:

ÍSL433:

Markmið:

- að gefa nemendum kost á að lesa sér til yndis bækur að eigin vali af bókalista sem kennari leggur fyrir.

Námslýsing: Hver nemandi velur **sex verk** af meðfylgjandi bókalista í samráði við kennara. Best er að nemandi láti vita eftir hvert skipti hvaða bók verður næst fyrir valinu. Heildarblaðsíðufjöldi bókanna má ekki vera undir 1000 bls. Nemendur eiga að lesa jafnt og þétt alla önnina og einungis má gera grein fyrir einni bók í einu. Bannað er að gera grein fyrir bókum sem nemandi hefur lesið sem kjörbók í öðrum áfanga. Nemendur mega taka með sér punkta um efni bókar og eiga þeir að vera í samræmi við meðfylgjandi verkefnablað. Nemandi skal sýna kennara punktana í upphafi tíma. Kennari ákveður tíma hvers nemanda með kennara og er mjög mikilvægt að fylgja því skipulagi vel svo allir komist að. Miðað er við tvær vikur fyrir lestur hverrar bókar. Í lok tímans lætur nemandi kennarann vita hvaða bók verður næst fyrir valinu.

Námsmat: Nemandi fær S ef hann uppfyllir kröfur hér að ofan.

Listasaga

VI. bekkur, val:

Markmið: Að nemendur kynnist þróun vestrænnar listsköpunar frá fornöld til okkar daga. Að þeir þekki helstu listastefnur, einkenni þeirra og þann jarðveg sem þær spruttu úr. Að nemendur geti gert grein fyrir helstu listamönnum, erlendum og innlendum.

Námslýsing: Evrópsk list, þ.e. byggingalist, höggmyndalist og málalalist og helstu liststefnur, s.s. grísk myndlist, miðaldalist (rómanskur og gotneskur stíll), endurreisnarlist, barokk og rókókó, nýklassík, rómantík og raunsæi. Einnig impressionismi og expressionismi á síðustu öld og fram yfir aldamót og helstu liststefnur okkar aldar. Íslensk myndlist og tengsl við erlenda strauma. Fjallað var um einstök tímabil og helstu listamenn og verk þeirra skoðuð með hjálp bóka og litskyggna. Skriflegt próf og verkefni um einhvern tiltekinn listamann, skóla eða tímabil, sem nemendur fluttu í kennslustund.

Kennslugögn: *Saga listarinnar* eftir E.H. Gombrich (grunnbók) og valdir kaflar úr öðrum bókum.

Líffræði

IV. bekkur, náttúrufræðibraut:

LÍF103:

Markmið: Að nemendur kynnist meginatriðum í gerð og starfsemi mannlíkamans og hljóti þjálfun í athugunum vissra þátta lífeðlisfræðinnar með verklegum æfingum og þjálfist einnig í að nýta upplýsingataekni í tengslum við námið.

Námslýsing: Yfirlit yfir vefi, líffæri og líffærakerfi manna, og mikilvægi samvægis (homeostasis) fyrir starfsemi líkamans. *Hjarta og æðakerfi manna:* Slagæðar, háræðar, bláæðar, æðakerfi hjartans, stóra og litla hringrásin. Rafvirkni hjartans og hjartalínurit. Hlutverk og samsetning blóðs. Algengustu hjarta- og æðasjúkdómar. Ónæmiskerfi mannlíkamans, og myndun og virkni hinna ýmsu gerða ónæmisfrumna. Einnig er fjallað um gerð og hlutverk

vessaæðakerfisins. *Meltingarkerfið*: Gerð og hlutverk meltingarvegjar og helstu meltiensím. Líffæri sem tengjast meltingarveginum og hlutverk þeirra. Fjallað er um algengustu sjúkdóma í meltingarfærum. *Öndun*: Frumuöndun, samanburður á öndunarkerfum, loftskipti öndunar. Öndunarfæri manna, innri og ytri öndun. Loftháð og loftfirrð öndun, efnaskipti öndunar. *Efnaskipti og líkamshiti*: Þveiti og nýrun, hlutverk þeirra og gerð. Innri gerð nýrna, gerð og starfsemi nýrunga, hormón sem tengjast starfsemi nýrna og algengustu sjúkdómar sem tengjast þvagkerfinu. Einnig er fjallað um blóðskiljun. *Taugakerfið*: Megingerðir, bygging gh starfsemi taugafrumna. Miðtaugakerfið: mæna og heili, og helstu stöðvar og hlutverk heilans. Úttaugakerfið: heila- og mænutaugar og sjálfvirka taugakerfið. Skynfæri manna: Sjón, heyrn, ilman, bragðskyn og tilfinning. Jafnvægisskyn og líkamsskyn. Vöðva- og beinakerfi manna. Helstu gerðir beina og innri gerð beina. Bein sem lifandi vefur og endurnýjun beinvefsins. Beinagrind-arvöðvarnir: gerð vöðvanna og vöðvafrumna og hvernig vöðvasamdráttur á sér stað. Innkirtlakerfið. Helstu innkirtlar og hormónaframleiðsla þeirra. Neikvætt afturkast sem mikilvægt stýrikerfi hormónaframleiðslu. Æxlunarkerfi karla og kvenna, og myndun kynfrumna. Myndun kynhormóna og yfirkynehormóna hjá konum og körlum. Yfirlit yfir tíðahring kvenna. Hormónastjórn á kynstarfsemi.

Kennslugögn: *Inquiry into Life* Inquiry into Life, eftir Sylvia S. Mader, 12. útgáfa. McGraw-Hill International Edition.

VI. bekkur, náttúrufræðibraut, líffræðisvið:

LÍF113:

Markmið: Að nemandi þekki aðferðir og viðfangsefni vistfræðinnar.

Námslýsing: Áfanginn veitir nemendum yfirsýn yfir vistfræðina sem fræðigrein, aðferðafræði hennar og viðfangsefni. Fjallað er um helstu hugtök vistfræðinnar. Í áfanganum er fjallað um uppbyggingu, orkuflæði og efnahringrásir vistkerfa. Teknar eru fyrir kenningar sem lúta að stöðugleika eða kviku jafnvægi vistkerfa. Fjallað er um líffræðilegan fjölbreytileika og breytingar á tegundasamsetningu líffélaga, bæði af náttúrulegum orsökum og af mannavöldum. Stofnhugtakið er tekið fyrir og helstu mælingaaðferðir og rannsóknir á stofnum. Sjálfbær nýting lífrænna auðlinda er útskýrð og einnig helstu nytjastofnar hérlendis. Fjallað er um aðlögun og hæfni lífvera og áhrif vistfræðilegra þátta á þróun þeirra. Sérstaklega er lögð áhersla á sérstöðu Íslands með tilliti til vistfræðilegra þátta og fjallað um vistkerfi sem hér finnast og vistfræðilegar rannsóknir hér við land.

Kennslugögn: *Environmental Science*. Höfundur: Kevin Byrne. Bókin fæst í Bóksölu stúdenta við Hringbraut

VI. bekkur, náttúrufræðibraut, líffræðisvið:

LÍF203:

Markmið: Að nemendur:

- þekki sögu erfðafræðinnar og geri sér grein fyrir mikilvægi hennar í nútímanum.
- þekki lykilhugtök erfðafræðinnar og vinni með þau á margvíslegan hátt.
- geti reiknað dæmi í tengslum við erfðafræði.
- kynnist aðferðafræði rannsókna erfðaefnis.
- þekki dæmi um nýtingu erfðafræði og erfðatækni í daglegu lífi, í landbúnaði og í læknávisindum.
- þjálfist í að fjalla um siðfræðileg álitamál erfðatækninnar.

Námslýsing: Í áfanganum er fjallað um sögu erfðafræðinnar og stöðu hennar innan náttúruvísinda. Fjallað er um lykilatriði erfðafræðinnar, frumuskiptingu, litninga og gen, myndun kynfrumna og frjóvgun. Einnig um erfðamynstur lífvera og hvað ræður kynferði þeirra. Litningar eru teknir nánar til umfjöllunar frá NÁT 103 og skoðað hvernig þeir stjórna myndun próteina í lífverum og atburðarás prótínmyndunar rakin. Breytingum á erfðaefni, stökkbreytingum og litningabreytingum er lýst ásamt sérkennum í erfðum örvera og fjallað um helstu

aðferðir sem beitt er í erfðarannsóknnum og erfðataekni. Fjallað er um tíðni og jafnvægi gena í ólíkum stofnum lífvera. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri verkefnavinnu nemenda í áfanganum.
Kennslugögn: *Erfðafræði* eftir Örnólf Thorlacius, 3. útgáfa, IÐNÚ 2003.

Lögfræði

VI. bekkur, mála-, félagsfræða-, viðskipta- og náttúrufræðibraut:

LÖG103:

Markmið: Að veita almenna fræðslu um íslenska lögskipan en þó með aðaláherslu á fjármunarétt. Kennslan er miðuð við að nemendur fái innsýn í réttarreglurnar og geri sér grein fyrir hvernig þær verka á samskipti manna. Til þess að ná þessu markmiði þurfa nemendur að leysa raunhæf verkefni og kynna sér hvernig réttarreglunum er beitt fyrir dómstólum.

Námslýsing: Inngangur er hafður um helstu grunnatriði lögfræðinnar, fræðikerfi hennar, réttarheimildir o.fl. Fjallað er um stjórnskipun og stjórnarfar og meðferð mála hjá stjórn-sýsluaðilum. Í réttarfari er fjallað um dómstólaskipanina á Íslandi. Meðferð einkamáls er útskýrð og grunnreglur einkamálaréttarfarsins. Farið er yfir helstu atriði aðfarargerðar, nauðungarsölu og gjaldþrotaskipta. Rætt um reglur laga um samningsbundna gerðardóma. Í samningarétti er gerð grein fyrir reglum um réttshæfi og gerhæfi. Farið er yfir stofnun löggerninga, umboð og milligöngu við samningsgerð. Umfjöllun um ógilda löggerninga. Kynntar eru réttarreglur um lausafjárkaup og fasteignaviðskipti. Í kröfurétti er farið yfir helstu meginreglur kröfuréttarins og örlög löggerninga. Sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um viðskiptabréfskröfur, veðrétt og reglur um ábyrgð á fjárskuldbindingum þriðja manns. Tæpt er á rekstrarformum fyrirtækja, þ.e. félagarétti og farið er í ábyrgð félagsmanna í hinum mismunandi félagiformum. Sifja- og erfðarétti eru gerð góð skil. Þar er farið yfir mun á hjúpskap og óvígðri sambúð, tæpt á barnarétti og farið yfir helstu reglur um erfðir, s.s. um skyldu- og bréferfðir, rétt til setu í óskiptu búi o.s.frv.

Kennslugögn: *Lögfræði og lífsleikni fyrir framhaldsskóla* eftir Þuríði Jónsdóttur.

Markaðsfræði

V. bekkur, viðskiptabraut, viðskiptasvið:

MAR102/202:

Markmið: Að nemendur læri undirstöðuatriði við stjórnun og skipulagningu markaðsaðgerða.

Námslýsing: Í kennslunni er farið yfir grundvallarhugtök sem tengjast markaðsfræði í tveimur áföngum MAR102 og MAR202. Fjallað um hvernig hugmyndafræðin er notuð til að markaðssetja vörur og þjónustu. Sérstaklega er farið í mikilvægi markaðsstarfs í síbreytilegu umhverfi, afstöðu fyrirtækja til markaðarins, rekstrar- og samkeppnisumhverfi, markaðshlutun, val markhópa, staðfærslu, vöruþróun, líftíma vöru, vöruhugtakið, verðlagningu, kynningarmál, ímynd fyrirtækja og markaðsáætlanir. Farið er yfir grundvallaratriði markaðsrannsókna og gerð skoðanakannana kynnt.

Kennslugögn: *Principles of Marketing* eftir Philip Kotler et.al. Glærur og annað efni frá kennara.

V. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

VI. bekkur, viðskiptabraut, viðskiptasvið:

MAR103:

Markmið: Að nemendur læri undirstöðuatriði við stjórnun og skipulagningu markaðsaðgerða.

Námslýsing: Í kennslunni er farið yfir grundvallarhugtök sem tengjast markaðsfræði og fjallað um hvernig hugmyndafræðin er notuð til að markaðssetja vörur og þjónustu. Sérstaklega er farið í mikilvægi markaðsstarfs í síbreytilegu umhverfi, afstöðu fyrirtækja til markaðarins, rekstrar- og samkeppnisumhverfi, markaðshlutun, val markhópa, staðfærslu, vöruþróun, líftíma vöru,

vöruhugtakið, verðlagningu, kynningarmál, ímynd fyrirtækja og markaðsáætlanir. Farið er yfir grundvallaratriði markaðsrannsókna og gerð skoðanakannana kynnt. Nemendur vinna einnig stórt verkefni þar sem þeir, í samráði við kennara, velja sér íslenskt fyrirtæki og vöru og gera markaðsáætlun fyrir viðkomandi vöru á erlendum markaði. Nemendur skila skýrslu og flytja fyrirlestur um efnið.

Kennslugögn: *Sigur í samkeppni* eftir Boga Þór Siguroddsson. Glærur og annað efni frá kennara.

Menningarfræði

V. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

MEN103:

Markmið: Að nemendur:

- kynnist menningu, siðum, hugmyndaheimi og stjórnarháttum þeirra þjóða sem lagt hafa mest til evrópskrar menningar, þ.á.m. íslenskrar, og samspili þessara þátta.
- öðlist sjálfstæða vitund um umhverfi sitt, stöðu Íslands gagnvart öðrum þjóðum og víðsýni gagnvart fjölbreytileika í menningu og siðum þjóða.
- þekki hugtök sem notuð eru í umræðu um þjóðmenningu og alþjóðamenningu.
- öðlist skilning á menningarlegum margbreytileika í samfélagi manna.

Námslýsing: Fjallað er um hugtök sem varða þjóðmenningu og alþjóðamenningu og fræðilega umræðu um menningu. Grunnþættir vestrænnar menningar eru skoðaðir og grafist fyrir um sérkenni íslenskrar sjálfsmyndar. Í náminu er leitað fanga í ólíkum fræðigreinum til að varpa ljósi á mismunandi samfélagsþætti og má þar nefna heimspeki, sögu, félagsfræði, stjórnmálafræði, mannfræði, landafræði og bókmenntir.

Kennslugögn: Eiríkur K. Björnsson: *MEN103: Leshefti*. VÍ 2007. Annað efni frá kennurum.

VI. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

MEN203:

Markmið: Að nemendur:

- auki með sér skilning á fjölbreytileika ólíkra samfélaga.
- geti gert sér grein fyrir hlutverki menningarlegra og félagslegra þátta í mótun einstaklinga og samfélaga. Í þessu samhengi verður sérstakri athygli beint að trúarbrögðum.
- auki þekkingu sína á völdum þjóðum utan Evrópu og geri sér grein fyrir helstu þáttum í menningu þeirra.
- öðlist aukna færni til að afla sér upplýsinga úr ólíkum miðlum, vinna úr þeim og skila til annarra.
- auki hæfni til að setja fram skoðanir sínar, taka þátt í rökræðum og túlka ólík sjónarmið.
- efli með sér hæfni til sjálfstæðis í hugsun og vinnubrögðum sem og samstarfs.
- þjálfist í að meta umhverfi sitt og eigin hugmyndir á uppbyggilegan hátt í krafti þekkingar og skarprar hugsunar.

Námslýsing: Farið er skipulega í trúarbrögð heimsins sem hluta af menningarumhverfi í sérhverju landi fyrir sig. Í menningarfræði í 6. bekk er einkum fjallað um lönd utan Evrópu. Athyglinni í ár er einkum beint að Miðausturlöndum og þess freistað að dýpka þá nálgun sem beitt var í greininni árið áður með ítarlegri umfjöllun um ólíka þætti í menningu hinna margvíslegu hópa sem byggja þetta svæði. Verkefnavinnan í þessum áfanga er mikil og skiptist í einstaklingsverkefni og hópverkefni.

Kennslugögn: Michael D. Coogan (ritstj.): *Trúarbrögð heimsins*. Mál og menning, Reykjavík 1999. Magnús Þorkell Bernharðsson: *Píslarvottar nútímans*. Mál og menning, Reykjavík 2005. Annað efni frá kennurum.

Náttúrufræði

III. bekkur:

NÁT113:

Námslýsing: Fjallað er um kortagerð, stjörnufræði, jarðsögu, innræn öfl og innri gerð jarðar. Einnig er fjallað um landrekskenninguna, útræn öfl, jarðefni, vatnsorku og jarðvarma á Íslandi.

Kennslugögn: *Jarðargæði* eftir Jóhann Ísak Pétursson og Jón Gauta Jónsson. Auk kennslubókar er stuðst við ítarefni sem kennari útvegar nemendum. Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að kortabók og tölvu. Bókasafn Verzlunarskóla Íslands er opið nemendum þar sem góður aðgangur er að myndböndum og öðru efni sem tengist faginu. Nemendum er bent á að skoða þetta námsefni.

IV. bekkur, náttúrufræðibraut:

V. bekkur, félagsfræða-, mála- og viðskiptabraut:

NÁT103:

Markmið: Markmið áfangans er að veita nemendum þekkingu á lífverum jarðar. Áhersla er lögð á flokkun lífvera, umhverfisfræði, erfðir, erfðaeefnið, lífeðlisfræði mannlíkamans, æxlun og efnasamsetningu lífvera

Námslýsing: Almenn einkenni, nafngiftir, flokkun og fjölbreytni lífvera (veirur, bakteríur, frumverur, skordýr, hryggdýr og fræplöntur). Fruman, lífræn efni, vefir, líffæri, líffærakerfi, næringarforði lífvera og orkuvinnsla. Mannlíkaminn: melting, öndun, blóðrásarkerfi, húðin, lifur, nýru, taugakerfið, sjón, heyrn og beinagrindin. Æxlun: kyn- og kynlaus æxlun, frumskipting, æxlunarkerfi manna, kynfrumur. Erfðir: litningar, gen, meginlögmál erfðafræðinnar, erfðir manna. Kjarnsýrur og prótín, eftirmyndun DNA, prótínmyndun, erfðatækni og síðferðisleg vandamál. Lífverur og umhverfi þeirra: (fæðutengsl, stofnar, áhrif manna á umhverfi sitt).

Kennslugögn: *Líffræði* eftir Örnólf Thorlacius. Verklegar æfingar á skólaneti.

IV. bekkur, náttúrufræðibraut:

VI. bekkur, félagsfræða-, mála- og viðskiptabraut:

NÁT123:

Markmið: Að kynna nemendum undirstöðuatriði efnafræði og eðlisfræði sem þátt í heimsmynd nútímans.

Námslýsing: Saga vísinda. Gerð og eiginleikar atóma og sameinda, lotukerfið; efnahvörf og efnatengi; almennir eiginleikar málma og málmléysingja; efnaformúlur, efnajöfnur og nafngiftareglur; hreyfilingmál Newtons, þyngdarlögmálið og þyngdarfastinn; geislavirk efni og kjarnorka; rafmagnsfræði, orka og orkulindir; orkulindir Íslands og nýting þeirra. Tveir tímar hálfsmánaðarlega í verklegar æfingar.

Kennslugögn: *Efni og orka* eftir Benedikt I. Ásgeirsson, Ingu Dóru Sigurðardóttur, Inga Ólafsson og Ólaf Halldórsson. Verklegar æfingar og viðbótarefni á skólaneti.

Rekstrarhagfræði

IV. bekkur:

REK103:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist skilning á kostnaði og tekjum, innborgunum og útborgunum.
- öðlist skilning á rekstrarreikningi og efnahagsreikningi og geti túlkað afkomu með kennitölum.
- skilji verðmætasköpun innan fyrirtækis og geti samið einfaldar áætlanir um rekstur minni fyrirtækja (iðnfyrirtækja, verslana og þjónustufyrirtækja).

- skilji hugtökin eftirspurn og framboð, markaðsverð og jafnvægmagn og geti túlkað línurit og leyst einföld dæmi.

Námslýsing: Kostnaðarhugtök, tekjur, núllpunktur, framlegðarútreikningar, rekstrarátlanir og greiðsluáætlanir. Beinn og óbeinn kostnaður. Rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og kennitölur sem túlka ársreikninga.

Kennslugögn: *Rekstrarhagfræði* eftir Birnu Stefnisdóttur (1999). Námsefninu er ætlað að byggja upp skilning á fjárhagslegum grundvallarhugtökum í rekstri fyrirtækja.

V. bekkur, viðskiptabraut, viðskiptasvið:

REK203:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist skilning á hugtökum rekstrarhagfræðinnar og geri sér ljósa hagfræðilegu hliðina á rekstri fyrirtækja.
- öðlist skilning á mismunandi markaðsumhverfi sem fyrirtæki starfa í.
- þjálfist í að nota stærðfræði og upplýsingatækni við lausn hagfræðilegra viðfangsefna.

Námslýsing: Upprifjun á grundvallarhugtökum hagfræðinnar. Mismunandi tegundir af teygni. Kynning á framleiðslufræði. Afkastalögmálið og innkaup. Helstu hugtök kostnaðarfræða. Markaðsform og verðmyndun. Hámarks- og lágmarksreikningar. Útreikningar. Markaðsform. Kennslan verður í formi fyrirlestra, skýringardæma og viðræðna við nemendur. Nemendur verða að vinna verkefni bæði í tíma og heima.

Kennslugögn: *Rekstrarhagfræði fyrir framhaldsskóla* HAG203 kennsluhefti eftir Hrönn Pálsdóttur 2008 ásamt verkefnahefti.

V. bekkur, viðskiptabraut, hagfræðisvið:

REK213:

Markmið: Að auka skilning nemenda á viðfangsefnum í rekstrarhagfræði og veita þjálfun við lausn fræðilegra og hagnýtra verkefna. Áhersla er lögð á einfalda stærðfræðilega nálgun og notkun línurita til að leysa rekstrarhagfræðileg viðfangsefni. Auk íslensku tileinka nemendur sér námsefnið og þar með helstu hugtökum á ensku.

Námslýsing: Upprifjun á grundvallarhugtökum hagfræðinnar. Fjallað er um hagkvæmasta val framleiðsluþátta. Fyrirtækið, réttarform, skipulag og markmið. Framleiðsla, framleiðsluföll og lögmálið um minnkandi afrakstur. Kostnaðarfræði, ólíkar gerðir kostnaðar og lágmarks- og hámarksreikningar. Eftirspurn, eftirspurnarföll og verðteygni. Tekjuföll, tekju- og staðkvæmdaáhrif, tekjuteygni. Áhrif inngripa (hámarks-lágmarksverð) og skattlagningu á markaði (neytendur og framleiðendur).

Kennslugögn: *Economics* eftir Gregory Mankiw og Taylor, útgáfa 2006 eða nýrri. *Dæmahefti í hagfræði* eftir Bjarna Má Gylfason og Tómas Sölvason (2007). Ýmsu öðru efni er dreift til nemenda og Netið notað í þeim tilgangi.

V. bekkur, viðskiptabraut, hagfræðisvið:

REK313:

Markmið: Að auka skilning nemenda á viðfangsefnum í rekstrarhagfræði og veita þjálfun við lausn fræðilegra og hagnýtra verkefna. Áhersla er lögð á einfalda stærðfræðilega nálgun og notkun línurita til að leysa rekstrarhagfræðileg viðfangsefni. Auk íslensku tileinka nemendur sér námsefnið og þar með helstu hugtökum á ensku. Námsefni í beinu framhaldi af REK213

Námslýsing: Verðmyndun við mismunandi markaðsform, fullkomin samkeppni, einkasölu-samkeppni, verðleiðsögn, fákeppni, tvíkeppni og einokun. Leikjafræði. Langtíma/skammtíma jafnvægi á markaði. Hagkvæmasta val fyrirtækis á magni og verði við ólík markaðsform og hámarks- og lágmarksreikningar. Verðaðgreining

Kennslugögn: *Economics* eftir Gregory Mankiw og Taylor, útgáfa 2006 eða nýrri. *Dæmahefti í hagfræði* eftir Bjarna Má Gylfason og Tómas Sölvason (2007). Ýmsu öðru efni er dreift til nemenda og Netið notað í þeim tilgangi.

VI. bekkur, viðskiptabraut, viðskiptasvið:

REK323:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist skilning á rekstrarstöðu fyrirtækja og rekstrarumhverfi.
- þjálfist í öflun og úrvinnslu gagna fyrir rekstrarávarðanir.
- þjálfist í hópvinnu.
- þjálfist í áætlanagerð.

Námslýsing: Farið verður í mismunandi tegundir áætlana, söluáætlun, framleiðsluáætlun o.s.frv. Einnig verður farið í gerð rekstursreiknings, sjóðsstreymis og efnahagsreiknings. Greining kennitalna. Kennslan fer að mestu leyti fram í tölvustofu og er aðallega í formi skýringardæma auk þess sem nemendur vinna verkefni. Nemendur þurfa að vinna verkefni bæði heima og í tíma.

Kennslugögn: Efni frá kennara.

VI. bekkur, viðskiptabraut, viðskiptasvið:

REK422:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist þekkingu á frumkvöðlastarfsemi.
- fái reynslu af því að ganga í gegnum ferlið að stofna fyrirtæki.
- hafi tök á að gera viðskiptaáætlunar.

Námslýsing: Meginuppistaða áfangans er stofnun fyrirtækis sem nemendur stofna, reka og loka. Fyrirtæki sem byggir á eigin viðskiptahugmynd í samvinnu við Junior Achievement International - JAI (ungir frumkvöðlar) á vegum Iðntæknistofnunar.

Kennslugögn: Kaflar 6 og 10 úr ljósrituðu hefti (Management e. Daft). Lesefni á heimasíðu jai.is ásamt öðru efni frá kennara.

Rússnesk menning og samfélag

V. og VI. bekkur val:

RUS103:

Markmið: Að nemendur:

- kynnist sögu Rússlands, menningu og samfélagi.
- geti bjargað sér í tungumálinu.

Námslýsing: Rússneska málsvæðið er nokkuð fjölmennt og hafa um 180 milljónir rússnesku sem fyrsta mál og fjöldinn allur hefur tungumálið sem annað mál. Samskipti og viðskipti Rússlands við Austur-Evrópu hafa aukist síðan 1990 þannig að mjög hentugt er að kunna eitthvað í slavnesku tungumáli. Í áfanganum verður lagður grunnur að rússneskunni. Farið verður í grundvallaratriði í málfræði, léttir textar lesnir og haft að markmiði að nemendur geti bjargað sér í tungumálinu. Talsverðum tíma verður varið í sögu, menningu og samfélag.

Námsmat: Verkefni og símat í tímum og skriflegt lokapróf.

Saga

Í Verzlunarskólanum var í fyrsta sinn kennd saga eftir nýju annarkerfi á öllum brautum. Í samræmi við aðalnámskrá var kennd mannkynssaga og Íslandssaga í einu lagi.

IV. bekkur, félagsfræðabraut:

SAG103/SAG203:

IV. bekkur málabraut:

SAG103:

Markmið: Að nemendur hafi innsýn í heim fornaldar og miðalda, stjórnarhætti, verkmenningu, heimspeki og trúarbrögð, þannig að samhengi og samfella sögunnar sé þeim ljós.

Námslýsing: Í 4. bekk var farið yfir helstu þætti í sögu Íslands og mannkyns frá árdögum til um 1800. Með fyrirlestrum kennara og verkefnavinnu nemenda var leitast við að ná heildstæðu yfirliti yfir markverðustu breytingar á sviði menningar, stjórn mála og efnahags. Myndefni á myndböndum og DVD var nýtt eftir því sem kostur var og nemendur unnu talsvert með frumheimildatexta.

Kennslugögn: Gunnar Karlsson o.fl.: *Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4000.000 f. Kr. til 1800 e. Kr.* Mál og menning, Reykjavík 2003. Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000.* Nýja bókafélagið. Reykjavík, 2001. Ýmislegt aukaefni frá kennurum.

V. bekkur, viðskiptabraut:

SAG103/SAG203:

Markmið: Að nemendur hafi innsýn í heim fornaldar og miðalda, stjórnarhætti, verkmenningu, heimspeki og trúarbrögð, þannig að samhengi og samfella sögunnar sé þeim ljós.

Námslýsing: Á haustönn var farið yfir helstu þætti í sögu Íslands og mannkyns frá árdögum til um 1800. Á vorönn var farið yfir helstu þætti í sögu Íslands og mannkyns frá 1800 og til nútíma og einkum dvalið við sögu 20. aldar. Með fyrirlestrum kennara og verkefnavinnu nemenda var leitast við að ná heildstæðu yfirliti yfir markverðustu breytingar á sviði menningar, stjórn mála og efnahags. Myndefni á myndböndum og DVD var nýtt eftir því sem kostur var og nemendur unnu talsvert með frumheimildatexta.

Kennslugögn: Gunnar Karlsson o.fl.: *Fornir tímar. Spor mannsins frá Laetoli til Reykjavíkur, 4000.000 f. Kr. til 1800 e. Kr.* Mál og menning, Reykjavík, 2003. Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000.* Nýja bókafélagið. Reykjavík, 2000. Ýmislegt aukaefni frá kennurum.

VI. bekkur, alþjóða-, hagfræði-, mála- og viðskiptabraut:

SAG303:

Markmið: Að nemendur hafi þekkingu og skilning á sögu síðustu tveggja alda og þeim miklu breytingum sem átt hafa sér stað frá 19. öld til okkar daga á sviðum stjórn mála í víðum skilningi, menningar og efnahags, bæði í sögu Íslands og mannkyns alls.

Námslýsing: Í 6. bekk á þessum brautum var lokið við að kenna sögu samkvæmt eldra kerfi. Haldið var áfram þar sem frá var horfið í 5. bekk veturinn áður. Hafist var handa við að kynna þjóðernisstefnu og öðrum hræringum 19. aldar á Íslandi og í Evrópu. Eftir stutta umfjöllun um Vesturheimsferðir og nýlendustefnu, tók hin viðburðaríka 20. öld í sögu Íslands og mannkyns við. Um hana var fjallað þar til lokið var við Kalda stríðið en undir lokin gafst tími til að líta stuttlega á sögu nokkurra ríkja þriðja heimsins og valin atriði úr sögu allra síðustu áratuga á Íslandi. Myndefni á myndböndum og DVD er að jafnaði nýtt töluvert, einkum um sögu 20. aldar og svo var einnig nú. Að venju var síðan prófað á stúdentsprófi úr námsefni 5. og 6. bekkjar.

Kennslugögn: Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2001.* Nýja bókafélagið. Reykjavík, 2001. Viðbótarefni frá kennurum, þ.á.m. efni um *Indland, Kína og Japan á 19. öld*, ljósrít um *Rússaveldi fyrir byltingu* og efni um *borgarastyrjöldina á Spáni*.

VI. bekkur, náttúrufræðibraut:

SAG103/SAG203:

Markmið: Að nemendur hafi innsýn í heim fornaldar og miðalda, stjórnarhætti, verkmenningu, heimspeki og trúarbrögð, þannig að samhengi og samfella sögunnar sé þeim ljós.

Námslýsing: Á haustönn var farið yfir helstu þætti í sögu Íslands og mannkyns frá árdögum til um 1800. Á vorönn var farið yfir helstu þætti í sögu Íslands og mannkyns frá 1800 og til nútíma og einkum dvalið við sögu 20. aldar. Með fyrirlestrum kennara og verkefnavinnu nemenda var leitast við að ná heildstæðu yfirliti yfir markverðustu breytingar á sviði menningar, stjórn mála og efnahags.

Kennslugögn: Árni Hermannsson o.fl.: *Íslands- og mannkynssaga NB I. Frá upphafi til upplýsingar.* Nýja bókafélagið. Rv. 2000. Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir: *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000.* Nýja bókafélagið. Reykjavík, 2000. Ýmislegt aukaefni frá kennurum.

SAG133 – Frakkland: menning, saga og samfélag

V. og VI. bekkur, val:

Markmið: Að nemendur öðlist þekkingu og skilning á frönsku samfélagi í dag á mismunandi sviðum og fái innsýn í franska menningu nútímans í víðum skilningi og hvað hefur leitt til hennar. Að nemendur glöggvi sig á sérkennum Frakklands, bæði m.t.t. til menningar, stöðu þess í alþjóðasamfélaginu og áhrifum á alþjóðasamskipti og menningu.

Námslýsing: Fjallað var um lystisemdir franskrar menningar og sögu; Frakkland og franskt samfélag í dag. Áhersla var lögð á sérkenni franskrar menningar og franskt samfélag skoðað í gegnum miðla eins og kvikmyndir, tónlist, bókmenntir og listaverk. Í síðari hluta áfangans var farið í stutta ferð til Parísar. Áfanginn var samvinnuverkefni frönskudeildar og sögudeildar.

Kennslugögn: Efni frá kennurum.

SAG143 – Á slóðum helfararinnar

V. bekkur val:

Markmið: Að nemendur afli sér yfirgripsmikillar þekkingar á helförinni og örlögum Gyðinga og ýmissa annarra samfélagshópa í þriðja ríkinu. Jafnframt öðlist þeir djúpan skilning á sögu og hugmyndafræði nasismans og þeim þjóðfélagsaðstæðum sem hann spratt upp úr. Nemendur kynnist samfélagi og menningu í Póllandi og austurhluta Þýskalands.

Námslýsing: Saga nasismans, síðari heimsstyrjaldarinnar, Póllands/Þýskalands, gyðinga og útrýmingar á hendur þeim var rakin í máli og myndum. Lesnar voru valdar greinar um efnið ásamt því sem heimildamyndir og önnur miðlunarform voru notuð eftir fremsta megni. Á haust- og vorönn var farið í stuttar ferðir með nemendur á sögulóðir áfangans.

Kennslugögn: Leshefti frá kennurum og önnur gögn frá þeim.

Sálfræði

V. og VI. bekkur val:

Markmið: Að nemendur fái innsýn í fjölbreytileika sálfræðinnar. Að nemendur kynnist sálfræði sem fræðigrein, uppruna hennar, sögu og þróun. Kynntar verða helstu stefnur innan greinarinnar auk helstu fræðimanna. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist þekkingu og yfirsýn á helstu hugtökum, þekki helstu starfssvið sálfræðinga og átti sig á hvernig sálfræði nýtist í daglegu lífi og við meðferð.

Námslýsing: Farið var í sögu og þróun sálfræðinnar. Helstu stefnur kynntar, starfssvið og fræðimenn. Kynntar voru rannsóknaraðferðir í sálfræði; námssálarfræði og ólíkar tegundir

náms- og minnisaðferða. Að lokum var fjallað um vandamál daglegs lífs, s.s. samskipti, ákveðni og líkamstjáningu.

Kenninguáhrif: Kristján Guðmundsson og Lilja Ósk Úlfarsdóttir. (2006). *Inngangur að sálfræði*. (Endurbætt tilraunaútgáfa). JPV-útgáfa. Efni af veraldarvefnum, myndbönd og dvd-myndir.

Spænska

SPÆ102:

Námslýsing: Farið var yfir helstu grunnþætti málfræðinnar, þjálfaður var les- og hlustunar-skilningur og nemendum kennt að tjá sig skriflega og munnlega, um sjálfa sig, fjölskyldu sína og sitt nánasta umhverfi. Einnig var lögð áhersla á að í náminu öðluðust nemendur þekkingu á spænskri menningu, sérstaklega með notkun netsins. Lestextar voru byggðir á samtölum fólks. Talæfingar og skriflegar æfingar voru í kjölfar hvers kafla. Æfingar með orðabók til að auka orðaforða og lestrarbók var lögð til grundvallar. Kenndar voru fjórar kennslustundir í viku.

Kenninguáhrif: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Inicial 1*. Lesbók, vinnubók, geisladiskar, tölvudiskar (cd og dvd).

SPÆ202:

Námslýsing: Haldið var áfram að byggja upp orðaforða og stefnt að því að ná betra valdi á framburði, tali og ritun, þannig að nemendur gætu tjáð sig munnlega og skriflega um athafnir daglegs lífs, líðan sína og um skoðanir sínar og gætu tekið þátt í einföldum samtölum. Nemendur lærðu að byggja upp flóknari setningar og haldið var áfram að þjálfra meginatriði málfræðinnar. Nemendur æfðu framburð og gerðu skrifleg verkefni til glöggvunar á málfræði og setningagerð. Unnið var með flóknari samtöl og/eða texta. Kenndar voru fjórar kennslustundir í viku.

Kenninguáhrif: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Inicial 1*. Lesbók, vinnubók, geisladiskar, tölvudiskar (cd og dvd).

SPÆ212:

Námslýsing: Haldið var áfram öllum meginatriðum málfræðinnar. Lögð var aðaláhersla á samtalsæfingar og aukinn orðaforða. Nemendur öðluðust þökkalega leikni og þekkingu í að bjarga sér í spænskumælandi landi. Lestextar, talæfingar og skriflegar æfingar. Byrjað var á *Lesbók 2*, síðan voru lesnar smásögur. Æfingar með orðabók til að auka orðaforða, ásamt málfræðiæfingum og talæfingum, með menningarlegu ívafi, smásögurnar lagðar til grundvallar. Horft var á myndbönd, hlustað á tónlist og notaðir voru ýmsir vefir á netinu með kennsluefni á, sérstaklega til að æfa hlustun. Einnig voru unnin verkefni tengd þessu efni og lokaverkefnið var að útbúa myndbönd á spænsku með stuttum leikþáttum sem tengdust námsefni annarinnar. Kenndar voru fjórar kennslustundir í viku.

Kenninguáhrif: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Inicial 2*. Lesbók, vinnubók og geisladiskar.

V. bekkur, máladeild:

SPÆ203:

Námslýsing: Haldið var áfram öllum meginatriðum málfræðinnar. Lögð var aðaláhersla á samtalsæfingar og aukinn orðaforða. Nemendur öðluðust þökkalega leikni og þekkingu í að bjarga sér í spænskumælandi landi. Lestextar, talæfingar og skriflegar æfingar. Lokið var við *Lesbók 1 og byrjað á Lesbók 2*, síðan voru lesnar smásögur. Æfingar með orðabók til að auka orðaforða, ásamt málfræðiæfingum og talæfingum, með menningarlegu ívafi, smásögurnar lagðar til grundvallar. Horft var á myndbönd, hlustað á tónlist og notaðir voru ýmsir vefir á netinu með kennsluefni á, sérstaklega til að æfa hlustun. Einnig voru unnin verkefni tengd þessu efni og lokaverkefnið var að útbúa myndbönd á spænsku með stuttum leikþáttum og auglýsingum sem tengdust námsefni annarinnar. Kenndar voru sex kennslustundir í viku.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Inicial 1.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar. *Ele. Curso de Español para extranjeros. Inicial 2.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar.

V. bekkur, máladeild:

SPÆ303:

Námslýsing: Þátíðin var kennd áfram og nemendur æfðu sig í að segja frá liðnum atburðum og að endursegja lengri texta. Nemendur lásu léttu bókmennta- og nytjatexta og unnu verkefni og endursagnir úr þeim.

Áhersla var lögð á tileinkun orðaforða með notkun orðabóka (m.a. spænsk-spænsk) og talæfingar. Einnig var lögð áhersla á daglegt talmál og nemendur hlutu þjálfun í málnotkun. Til glöggvunar á setningargerð lásu nemendur samtöl og gerðu skriflegar, gagnvirkar æfingar og verkefni þeim tengd. Í lok hvers kafla unnu nemendur verkefni úr lesbók og vinnubók. Þeir horfðu einnig á myndbönd og hlustuðu á tónlist og notaðir voru ýmsir vefir á netinu með kennsluefni á , einkum til að æfa hlustun. Einnig voru unnin önnur verkefni tengd lesefninu og lokaverkefnið var að útbúa myndbönd á spænsku með stuttum leikþáttum og auglýsingum sem tengdust námsefni annarinnar. Kenndar voru sex kennslustundir í viku.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Inicial 2.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar.

VI. bekkur, máladeild:

SPÆ403:

Námslýsing: Lokið var við að fara yfir flest meginatriði spænskrar málfræði. Aðaláhersla var lögð á notkun viðtengingarháttar nútíðar og þátíðar og skildagatíðar. Nemendum var kennd rétt notkun þátíðar. Notuð var ný bók, 3. bindi. Lögð var aðaláhersla á samtalsæfingar og aukinn orðaforða. Nemendur öðluðust þokkalega leikni og þekkingu í að bjarga sér í spænskumælandi landi. Lestextar, talæfingar og skriflegar æfingar, ásamt því að lesnar voru smásögur. Æfingar með orðabók til að auka orðaforða, ásamt málfræðiafvingum og talæfingum, með menningarlegu ívafi, smásögunnar lagðar til grundvallar. Horft var á kvikmyndir, hlustað á tónlist og gerðar hlustunaræfingar. Mikilvægur hluti námsins var fyrirlestur sem nemendur héldu um efni að eigin vali. Einnig voru unnin verkefni tengd þessu efni og lokaverkefnið var að útbúa myndbönd á spænsku, með stuttum leikþáttum og auglýsingum, sem tengt var námsefni annarinnar. Kenndar voru sex kennslustundir í viku.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Intermedio.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar.

SPÆ503:

Námslýsing: Þetta var lokaáfangi í spænsku í máladeild. Úrvinnsla og upprifjun á helstu atriðum spænskrar málfræði. Nemendur lásu texta úr bókmenntum Spánar og Rómönsku Ameríku. Unnið var með blaðagreinar, þær lesnar og verkefni unnin út frá þeim. Nemendur skrifuðu ritgerðir og þjálfuðu sig í að segja skoðanir sínar og segja frá atburðum. Haldnir voru fyrirlestrar. Sérstök þemaverkefni voru unnin og kynnt af nemendum. Mjög rík áhersla var lögð á það að nemendur öfluðu sér upplýsinga og fróðleiks á Netinu. Framfarir nemenda voru stöðugt metnar og tekið var tillit til allra færniþátta þeirra. Kenndar voru sex kennslustundir í viku.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Intermedio.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar. *Ele. Curso de Español para extranjeros. Avanzado.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar.

V. bekkur, valgrein:

SPÆ103:

Námslýsing: Sama og í IV. bekk, máladeild. Kenndar voru sex kennslustundir í viku.

Kennslugögn: *Ele. Curso de Español para extranjeros. Inicial I.* Lesbók, vinnubók og geisladiskar, myndbönd og tölvudiskar.

Stjórnun

VI. bekkur, viðskiptabraut:

STJ103:

Markmið: Að nemendur kunni grunnhugtök og kenningar í stjórnun og að beita hugtökunum í mæltu og rituðu máli.

Námslýsing: Farið er yfir grunnhugtök og kenningar í stjórnun. Útskýrt er hvernig þjóðfélagsbreytingar hafa gert það að verkum að menn leggja nú meiri áherslu á stjórnun en áður. Leitast er við að veita nemendum innsýn í störf stjórnenda og kynna þeim ýmis verkefni sem þeir inna af hendi. Farið er í stjórnunarferlið, mismunandi gerðir stjórnskipulaga, setningu markmiða, áætlanagerð og upplýsingastreymi. Áhersla er lögð á að upplýsa nemendur um samspil stjórnunar og samstarfs og mikilvægi þess að starfsmenn séu ánægðir í sínu starfi. Til ráðstöfunar eru sex tímar á viku. Þeir skiptast á milli fyrirlestra og stuttra verkefna, sem nemendur vinna og skila fyrir tilsettan tíma.

Kennslugögn: Contemporary Management.

Stjörnufræði

VI. bekkur, valgrein:

Námslýsing: Sólkerfið, sólin, þróun stjarna, vetrarbrautir, heimsfræði, líf í alheimi.

Stjörnufræðiferð farin til að skoða Norræna stjörnufræðisvæðingarnámsgjafna á La Palma.

Kennslugögn: *Nútíma stjörnufræði* eftir Vilhelm S. Sigmundsson. Glósur frá kennara.

Stærðfræði

STÆ103:

Námslýsing: Rúmfræði: línur, horn, marghyrningar, frumsendan um samsíða línur, frumsendan um einshyrnda þríhyrninga, hornaföll, sínus- og kósínusreglan fyrir þríhyrninga, hringir tengdir þríhyrningi, ferilhörn. Prósentu- og vaxtareikningur, hlutföll og einingaskipti. Talmareikningur: talnamengi, almenn brot, forgangsröð aðgerða og brotabrot. Bókstafareikningur: liðun og þáttun, heil veldi og rætur, jöfnur af fyrsta stigi. Flatarmál og ummál.

Kennslugögn: *STÆ103* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson. Aukahefti um hornaföll.

STÆ203:

Námslýsing: Bókstafareikningur: liðun og þáttun, annarsstigsjafnan, jöfnur af þriðja stigi, algildisjöfnur, brotareikningur. Margliður: skilgreining á margliðum, deiling, núllstöðvar og formerki margliða. Hnitarrúmfræði: hnitakerfið, jafna beinnar línu, fleygbogar. Veldi: heil og brotin veldi, rætur, lograr.

Kennslugögn: *STÆ103* og *STÆ203* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

STÆ303:

Námslýsing: Vigur, samlagning og frádráttur, hallatala, lengd, innfeldi, þvervigur. Miðpunktur striks og miðpunktur þríhyrnings. Einingarhringurinn, bogamál, hornaföll, horn á milli vigra. Hornafallareglur og tengsl hornafallanna innbyrðis. Sínus- og kósínureglan hin meiri. Regla um flatarmál þríhyrnings. Jafna hrings og jafna sporbaugs. Stikun hrings og stikun línu. Ofanvarp punkts á línu.

Kennslugögn: *STÆ303* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

STÆ313:

Námslýsing: Mengjafræði. Yrðingarökfræði. Gagnasöfn, tíðnitöflur, myndrit. Meðaltal, vegið meðaltal, tíðasta gildi, miðgildi. Staðalfrávik, meðalfrávik, seiling. Líkindareikningur, umraðanir og samantektir. Normaldreifingin og tvíliðudreifingin. Öryggismörk, fylgni og tilgátuprófanir.

Kennslugögn: Tölfræði og líkindareikningur eftir Ingólf Gíslason.

STÆ363:

Námslýsing: Veldi og veldareglur. Vísisföll og lograföll. Vaxtarhraði og skilgreining afleiðu. Afleiður nokkrurra algengra falla. Hagnýting diffurreiknings. Runur og raðir. Línuleg bestun.

Kennslugögn: Stærðfræði 3000 (Föll og deildun) eftir Björk og Brolin.

STÆ403:

Námslýsing: Föll, veldisföll, algildisfallið, margliður, ræð föll, heiltölufallið, samsettar varpanir, markgildisreikningar, ϵ - δ -reikningar, diffrun ræðra falla, reglur um diffrun, rannsókn falla, ferlateikningar.

Kennslugögn: *STÆ403* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

STÆ463:

Námslýsing: Vigrar og vigurreikningur, hornaföll, bogamál, hornafallajöfnur. Föll og afleiður falla, samsett föll. Staðbundin útgildi og beygjuskil. Stofnfall, ákveðið heildi, flatarmál fundið með heildun. Jöfnur hrings og sporbaugs.

Kennslugögn: *STÆ463* eftir Þórð Möller og Svövu Þorsteinsdóttur.

STÆ503:

Andhverfar varpanir, diffrun hornafalla, andhverfur hornafalla, vísis- og lógaritmaföll, diffrun veldisfalla, diffrun vísisfalla, diffrun lógaritmafalla, stofnföll, heildun, heildunaraðferðir, flatarmál fundið með heildun.

Kennslugögn: *STÆ503* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson.

STÆ523:

Þrívíð rúmfræði, þrívíð hnitarúmfræði, kúluhornafærði, endanleg rúmfræði.

Kennslugögn: *STÆ522* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson ásamt ljósriti um endanlega rúmfræði.

STÆ563:

Námslýsing: Heildunaraðferðir, hlutheildun, innsetning, stofnbrot. Einfaldar diffurjöfnur af fyrsta stigi. Fylkjareikningur, fylkjareikningur með hjálp Excel, jafna bestu línu. Flatarmál og ummál, þrívíð rúmfræði, strýtur, rúmmál og yfirborðsflatarmál.

Kennslugögn: *STÆ563* eftir Þórð Möller.

STÆ603:

Námslýsing: Hagnýting heildunar, boglengd ferla, rúmmál og yfirborð snúða, tvinntölur, diffurjöfnur af fyrsta og öðru stigi, runur og raðir, þrepun,

Kennslugögn: *STÆ603* eftir Jón Hafstein Jónsson, Niels Karlsson og Stefán Jónsson. *Diffurjöfnur og fylki* eftir Frey Þórarinsson.

STÆ703:

Námslýsing: Rúnur og raðir, hágildi og lággildi m.t.t. takmarkana. ϵ - δ skilgreiningar. Fallafræði.

Kennslugögn: Efni tekið héðan og þaðan af kennara.

Tölvubókhald

IV. bekkur, viðskiptabraut:

BÓK201:

Markmið: Að nemendur fái innsýn í færslu tölvubókhalds og hvernig einfalt bókhald er fært hjá fyrirtækjum. Að nemendur kynnist færslu fjárhagsbókhalds og undirkerfa sem gera þeim kleift að vinna mun nákvæmari upplýsingar úr bókhaldinu en ella og þau nái ákveðinni leikni í grunnnotkun forritsins *Microsoft Dynamics Navision*.

Námslýsing: Kennsla fer fram með þeim hætti að nemendur vinna verkefni í tölvustofu og nota til þess upplýsingakerfið *Microsoft Dynamics Navision*. Kennslan fer fram á einni önn, 2 tímar í senn í viku hverri.

Kynntir eru notkunarmöguleikar tölvunnar við færslu bókhalds. Forritið er hvað mest notað af fyrirtækjum hérlendis og þó víðar væri leitað. Kerfin sem kynnt eru eru fjárhagsbókhald, sölu- og viðskiptamannabókhald, lánardrottna- og birgðabókhald og launabókhald. Í fjárhagsbókhaldinu eru kynntar daglegar færslur, uppsetning bókhaldslykils, uppgjör VSK ásamt prentun og úrvinnslu upplýsinga. Í sölu- og viðskiptamannakerfinu er farið í uppsetningu viðskiptamanna, sölu til viðskiptamanna ásamt innborgunum. Úrvinnsla ýmissa upplýsinga er kynnt. Í birgða- og lánardrottnerfinu eru kynnt innkaup vörutegunda frá lánardrottnum ásamt greiðslu til þeirra sem og úrvinnslu upplýsinga hvað varðar lager, o. fl. Þá er stuttlega farið í samtengingu kerfanna og hvernig færslur berast úr einu kerfi í annað. Í hefti II eru til viðbótar teknir fyrir nýir erlendir lánardrottningar, erlendir gjaldmiðlar, gengistap/hagnaður, uppsetning kennitalna og nánari úrvinnsla gagna. Þá er farið í sjálfvirka dráttarvaxtaútreikninga. Í launabókhaldinu eru færð laun á starfsmenn og prentaðir launaseðlar ásamt færslu launa yfir í fjárhagsbókhald.

Kennslugögn: *Microsoft Dynamics Navision* upplýsingakerfið. Verkefna- og kennslubók í *Microsoft Dynamics Navision I og II* eftir Tómas Sölvason.

Tölvunotkun og vélritun

III. bekkur:

TÖN102 (Excel):

Markmið: Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda í tölvuverum og skilum á verkefnum. Verkefnin, sem lögð eru fyrir og skýrð af kennara, byggjast á því að kynna og þjálfá sífellt nýja þætti þeirra forrita sem verið er að kenna. Áhersla er lögð á vönduð og öguð vinnubrögð. Alltaf eru tveir kennarar í tíma.

Námslýsing: Fyrstu vikurnar er farið í vélritunaráfangann Vél 101 og síðan tekið stöðupróf. Þeir sem ná stöðuprófi hafa þar með lokið áfanganum en hinir þurfa að ljúka honum í fjarnámi og taka síðan aftur próf í lok annar.

Í upphafi er farið lauslega í gegnum gluggaumhverfið í stýrikerfinu **Windows-XP** og helstu möguleika þess. Nemendur búa til möppur fyrir verkefni sín.

Farið er lauslega í gegnum umhverfi og möguleika póst- og samskiptaforritsins **Outlook** og vefpósturinn skoðaður. Bent er á og farið í helstu leitarvél og gagnasöfn sem eru aðgengilegar á Netinu og leitaráðgerðir til að geta nýtt sér við leit á Netinu.

Kennð eru grunnatriði glærugerðar- og framsetningarforritsins **PowerPoint**. Umhverfi forritsins skoðað og helstu möguleikar þess og unnin verkefni sem miða að kynningu á nemandanum sjálfum.

Að lokum er farið í töflureikninn **Excel**. Þar er umhverfi forritsins skoðað vel og unnin verkefni til að ná færni í helstu möguleikum þess og haldið áfram yfir í flóknari útreikninga með notkun innbyggðra falla og fleiri öflugar áðgerðir forritsins kynntar og skoðaðar með það að markmiði

að nemandi nái leikni í helstu möguleikum þess. Nemendur skila síðan völdum verkefnum til kennara.

Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda í tölvuverum og skilum á verkefnum.

Verkefnin, sem lögð eru fyrir og skýrð af kennara, byggjast á því að kynna og þjálfra sífellt nýja þætti þeirra forrita sem verið er að kenna. Áhersla er lögð á vönduð og öguð vinnubrögð. Ávallt eru tveir kennarar í hverri kennslustund.

Kennslugögn: *Excel 2007* eftir Baldur Sveinsson. Leiðbeiningar og verkefni frá kennurum.

III. bekkur:

TÖN202 (Word):

Markmið: Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda og skilum á verkefnum og lögð áhersla á að nemendur verði færir í að nota tölvuna sem tæki í náminu. Farið í grunnatriði vefsíðugerðarforritsins. Farið vel í möguleika ritvinnsluforritsins Word og verkefnin sett þannig fram að þau þjálfu nemendur í notkun þess. Lögð er áhersla á sjálfstæð og öguð vinnubrögð nemenda.

Námslýsing: Í áfanganum **Tön 202** er lögð rík áhersla á að nemandi öðlist færni í notkun ritvinnsluforritsins **Word** og vefsíðugerðarforritsins **Expression Web**. Áhersla er lögð á að nemandi tileinki sér vandvirkni, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum. Einnig vinna nemendur æfingar (lexiur) í forritinu **Summu** til að ná leikni á númeraborð hnappaborðsins. Farið verður í vefsíðugerðarforritið **Expression Web**, skoðað vinnuumhverfi forritsins og þær helstu aðgerðir sem nemandi þarf að hafa á sínu valdi til að vera fær um að útbúa vefsíðu og setja hana út á Netið.

Farið verður vandlega í grunnatriði ritvinnsluforritsins **Microsoft Word 2007**. Umhverfi forritsins vandlega skoðað og helstu aðgerðir sem lúta, m.a. að mótun texta og læsileika hans. Nauðsynlegt er að kynna sér afar vel allar aðgerðir og leiðbeiningar sem farið er í gegnum. Unnin verða verkefni til að æfa helstu aðgerðir þess og til að ná færni í helstu möguleikum þess og framsetningu á texta og myndefni.

Kennslugögn: *Tölvunotkun. Office 2007*. Tilraunahefti tekið saman af Jóhönnu Geirsdóttur og Sólveigu Friðriksdóttur. Leiðbeiningar í Expression Web og verkefni frá kennurum.

IV. bekkur:

TÖN302 (Word/Excel/Access):

Markmið: Kennslan byggist einkum á verkefnavinnu nemenda í tölvuverum og skilum á verkefnum. Verkefnin byggjast á því að kynna nýja og þjálfra gagnlega þætti Word ritvinnslunnar, samþætting við töflureikninn Excel og kynna grunnatriði gagnagrunnsins Access. Áhersla er lögð á vönduð og öguð vinnubrögð. Nemendur vinna í lokin stórt lokaverkefni þar sem tvinnuð er saman Word og Excel.

Námslýsing: Markmiðið er að nemendur nái að nýta sér til gagns í námi og starfi flest helstu atriði ritvinnsluforritsins Microsoft Word 2007 og svo grunnatriði gagnagrunnsforritsins Access 2007. Í Word er lögð áhersla á, m.a. eftirtalin atriði: Dálka, töflur, blaðadálka, t.d. í tengslum við fréttabréf/kynningarblöðung, númeraðar töflur og töflulista, númeraðar myndir og myndalista, uppsetning verslunarbréfa, formbréf, límmiðar, nafnspjöld, gerð og notkun sniðmáta og stíla, notkun og breyting sniðmáta sem fylgja Wordritvinnslunni, hönnun auglýsinga og gerð ferilskrár. Farið er í heimildanotkun og uppsetningu heimildalista, myndvinnslu og einnig rætt um siðfræði/siðferði á Netinu.

Unnið er nokkuð stórt verkefni með forsiðu í sama skjali, neðanmálsgreinum, töflum úr Excel, gröfum, listum, myndatextum, liggjandi síðum, efnisyfirliti og atriðisorðaskrá.

Kennð eru grunnatriði í notkun gagnasafnsforritsins Access 2007. Nemendur hanna og vinna með einfaldan gagnagrunn, slá inn gögn, nota síur, breyta grunnum, læra að nota fyrirspurnir, sækja gögn úr öðrum forritum og búa til skýrslur.

Kennslugögn: *Tön. Verkefnahefti fyrir 4. bekk. Office 2007.* Hefti tekið saman af Jóhönnu Geirsdóttur og Sólveigu Friðriksdóttur. *Access (2007) – Gagnasöfn.* Leiðbeiningar og verkefni tekin saman af Jóhönnu Geirsdóttur og Sólveigu Friðriksdóttur.

Þjóðhagfræði

IV. bekkur:

ÞJÓ113:

Markmið: Að nemendur öðlist nægilega þekkingu á hugtökum og fræðum hagfræðinnar, þ.e. þeir geti fylgst með þjóðfélagslegri umræðu. Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig um efnið, bæði munnlega og skriflega. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur venjist því að beita upplýsingatækni við upplýsingaöflun og lausn verkefna.

Námslýsing: Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðshagkerfi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun hlutfallareiknings vísitalna, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum.

Kennslugögn: *Þjóðhagfræði 103* eftir Ingu Jónu Jónsdóttur (2001).

VI. bekkur, viðskiptabraut, hagfræðisvið:

ÞJÓ202/302:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á grundvallarhugtökum og kenningum þjóðhagfræðinnar.
- læri að nota stærðfræði eftir atvikum, línurit, tölfræði og annað efni sem tengist náminu, t.d. með Excel eða öðrum sambærilegum forritum.
- geti notað línurit og hagræn líkön til að útskýra raunveruleg vandamál.
- kynnist íslensku efnahagslífi, viðfangsefnum hagstjórnar og efnahagsstefnu stjórnvalda.
- geti upp á eigin spýtur nálgast upplýsingar um íslenskt efnahagslíf.
- geti tjáð sig munnlega og skriflega um ástand efnahagsmála og mótað sjálfstæðar skoðanir sem, m.a. eru byggðar á þeim fræðilega grunni sem lagður er í náminu.

Námslýsing: Grundvallaratriði hagfræðinnar, atferli einstaklinga í hagkerfinu, samskipti fólks og viðskipti þeirra á milli. Hlutfallslegir og algerir yfirburðir. Markaðsöflin framboð og eftirspurn, teygni. Opinber markaðsihlutun með framleiðslustyrkjum og sköttum, velferðartap. Skipting skattbyrði og framleiðslustyrkja. Áhrif afskipta hins opinbera á alþjóðleg viðskipti. Þjóðhagsreikningar – mæling á afkomu þjóðarinnar. Þjóðarframleiðsla og hagvöxtur. Sparnaður, fjárfestingar og fjármálakerfið. *Atvinnuleysi:* náttúrulegt atvinnuleysi. *Peningar:* skilgreining peninga, hlutverk Seðlabankans og framboð peninga. *Verðbólga:* orsakir og afleiðingar, vöxtur peningamagns. Hagfræði opinna hagkerfa. Skammtímasveiflur í hagkerfinu. Fjármála- og peningamálaráðstafanir til að stuðla að hagvexti og stöðugleika í hagkerfinu. Kenndir voru fjórir tímar á viku þar sem farið var bæði yfir fræðilegan hluta námsefnisins sem og dæmi. Áhersla var lögð á að tengja námsefnið við fréttir á hverjum tíma af efnahagsmálum.

Kennslugögn: *Principles of Economics* eftir Gregory Mankiw, önnur útgáfa 2000, auk ýmiss lesefnis um íslensk efnahagsmál.

VI. bekkur, félagsfræðabraut, alþjóðasvið:

ÞJÓ303:

Markmið: Að nemendur:

- öðlist skilning á helstu kenningum og hugtökum alþjóðahagfræðinnar, viti um helstu stofnanir alþjóðasamfélagsins og hlutverk þeirra.

- geti upp á eigin spýtur nálgast upplýsingar um íslenskt efnahagslíf og efnahagslíf annarra þjóða.
- geti tjáð sig munnlega og skriflega um samskipti Íslands við önnur hagkerfi.

Námslýsing: Hugmyndir og kenningar um milliríkjavíðskipti eru reifaðar og fjallað er um alþjóðlega samvinnu og alþjóðavæðingu í efnahagsmálum. Alþjóðlegar stofnanir og samtök sem eru virk á efnahagssviði eru kynnt og athuguð, einkum í ljósi áhrifa sem þau hafa á íslenskt efnahagslíf. Fjallað er um einkenni fjölþjóðafyrirtækja og um alþjóðleg gjaldeyrisvíðskipti.

Komið er inn á vanda þjóða þriðja heimsins og samskipti þeirra við iðnvædd velferðarþjóðfélög. **Efnisatriði:** Gengiskerfi, fríverslunarsamningar, ESB, EES, Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF), tollar, alþjóðleg verkaskipting og viðskipti, fjölþjóðafyrirtæki, alþjóðlegir gjaldeyrismarkaðir, spákaupmennska, vanþróun, þróunarkenningar, þróunaraðstoð.

Kennslugögn: *Principles of Economics* eftir Gregory Mankiw, önnur útgáfa 2000. Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.

Þýska

III. bekkur:

ÞÝS102:

Námslýsing: Farið var yfir 6. kafla lesbókar og vinnubókar, auk þess tekin fyrir ein smásaga úr fjölríti (*Tom macht eine Reise*) eftir 5. kafla lesbókar. Verkefnahefti með aukaæfingum í orðaforða og málfræði var unnið samhliða kennslubók. Hlustunaræfingar tengdar lesbók voru lagðar fyrir (2–3) á haustönninni. Söngtextar og annað ítarefni lagt fyrir eins og þurfa þótti.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1:* lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Smásögur* (fjölrit). Verkefnahefti fyrir ÞÝS102 og ÞÝS202.

ÞÝS202:

Námslýsing: Teknir voru fyrir kaflar 7, 8 og 9 í lesbók og vinnubók. Lesnar voru tvær smásögur (*Stadtmaus Feldmaus* og *Toto*) og verkefni unnin við þær. Verkefnaheftið var unnið samhliða grunnbókinni. Notast var við hlustunarefnið *Keine Panik*. Söngtextar og annað ítarefni lagt fyrir eins og þurfa þótti.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1:* lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Smásögur* (fjölrit). Verkefnahefti fyrir ÞÝS102 og ÞÝS202. Hlustunarefnið: *Keine Panik*.

IV. bekkur:

ÞÝS212:

Námslýsing: Farið var yfir kafla 10 og 11 í lesbók og sömu kaflar unnir í vinnubók. Tvö ævintýri voru lesin úr *Deutsche Märchen und Sagen*, (*Rotkäppchen* og *Hänsel und Gretel*). Þátíð og núliðin tíð voru þjálfaðar í tengslum við ævintýrin. Ein hraðlestrarbók var lesin; *Oktoberfest* og munnleg og skrifleg verkefni unnin í tengslum við hana. Verkefnahefti með aukaæfingum í orðaforða og málfræði fyrir IV. bekk var unnið samhliða kennslubók. Hlustunarefnið *Keine Panik* var notað.

Kennslugögn: *Þýska fyrir þig 1:* lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Verkefnahefti, Ævintýri: Deutsche Märchen und Sagen*. Hraðlestrarbækur: *Oktoberfest*. Hlustunarefnið: *Keine Panik*. Orðabók: *Þýsk-íslensk* eftir Steinar Matthíasson.

ÞÝS303:

Námslýsing: Farið var yfir kafla 12 og 13 í lesbók og sömu kaflar unnir í vinnubók. Þrjú ævintýri voru lesin úr *Deutsche Märchen und Sagen* (*Schneewittchen*, *Dornröschen* og *Aschneputtel*). Ein hraðlestrarbók var lesin; *Einer singt falsch* og munnlegt og skriflegt próf

tekið úr henni. Verkefnahefti með aukaæfingum í orðaforða og málfræði fyrir IV. bekk var unnið samhliða kennslubók. Hlustunarefnið *Keine Panik* var notað.

Kennslugögn: *Dýska fyrir þig 1*: lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Verkefnahefti, Ævintýri: Deutsche Märchen und Sagen*. Hraðlestrarbækur: *Einer singt falsch*. Hlustunarefnið: *Keine Panik*. Orðabók: *Dýsk-íslensk* eftir Steinar Matthíasson.

ÞÝS103 (4. mál):

Námslýsing: Farið var yfir kafla 1–7 í lesbók og þeir kaflar í vinnubók unnir samhliða. Lesin var smásagan „*Tom macht eine Reise*“ . Hlustunarefnið *Keine Panik* var notað. Töluvert var notað af sönglögum og þá aðallega popptónlist.

Kennslugögn: *Dýska fyrir þig 1*: lesbók, vinnubók og málfræðibók. *Smásögur* (fjölrit). Verkefnahefti fyrir ÞÝS102 og ÞÝS202. Hlustunarefnið: *Keine Panik*.

V. bekkur:

ÞÝS403:

Námslýsing: Lokið var við lesbókina, kaflar 14 og 16 og sömu kaflar unnir í vinnubók. Síðan voru lesnar tvær smásögur *Die Glücksnacht* eftir *Christine Nöstlinger* og einnig *Das Miststück* eftir *Ursula Wölfel*. Texti um Ísland: *Island, Land und Leute* var lesinn og gerð stuttleg skil með meginspurningum. Nemendur unnu skrifleg verkefni úr texta um Ísland. Munnlegt próf var í lok annar, þar sem nemendur töluðu annars vegar um Ísland og hins vegar um Mozart. Notaðar voru fyrstu þrjár æfingarnar úr hlustunarefninu *Ein bisschen Panik*.

Kennslugögn: *Dýska fyrir þig 1*: lesbók, vinnubók og málfræði. Smásögur sem dreift var af kennara. Texti um Ísland: *Island, Land und Leute*. Hlustunarefnið *Ein bisschen Panik*.

ÞÝS503, (málabraut):

Námslýsing: Lesnar voru nokkrar smásögur: *Das Miststück* eftir *Ursula Wölfel*, *Das Stenogramm* eftir *Max von der Grün*, *Die Nacht im Hotel* eftir *Paul Maar*, *Das duschende Gespenst* eftir *Georg Bydlinski* og *Warte nur, balde* eftir *Heinrich Spoerl?* Verkefni voru unnin við sögurnar, bæði munnleg og skrifleg. Lesin var skáldsagan *Er hieß Jan* eftir *Irina Korunow*. Gerðu nemendur efni hennar bæði munnleg og skrifleg skil. Horft var á kvikmyndina „*The Pianist*“ því hún tengist skáldsögunni sem lesin var.

Kennslugögn: Smásögur og skáldsagan *Er hieß Jan*. Kvikmyndin „*The Pianist*“.

VI. bekkur:

ÞÝS503:

Námslýsing: Lesnar voru nokkrar smásögur: *Das Miststück* eftir *Ursula Wölfel*, *Die Nacht im Hotel* eftir *Paul Maar*, *Das duschende Gespenst* eftir *Georg Bydlinski* og *Masken* eftir *Max von der Grün*. Sögurnar voru lesnar og fjallað var um þær bæði munnlega og með skriflegum verkefnum og málfræðiþjálfun af ýmsu tagi.

Tvö ævintýri voru lesin: *Die sieben jungen Geißlein* og *Die Bremer Stadtmusikanten*.

Nemendur höfðu þessi tvö ævintýri til hliðsjónar og sömdu ný ævintýri sem unnið var með.

Nemendur fengu hver um sig einn kafla úr bókinni: *Schönhauser Allee* eftir *Wladimir Kammerer* og gerðu útdrætti sem þeir kynntu í tíma. Notast var við efnið *Berlin, Berlin* í hlustun.

Kennslugögn: Smásögur, ævintýri og *Schönhauser Allee* eftir *Wladimir Kammerer*.

Slit verslunardeildar VÍ 21. maí 2008

Starfsmenn, nemendur 4. bekkjar og aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin til þessarar hátíðar þegar verslunarprófsnemar verða brautskráðir frá Verzlunarskóla Íslands að loknu 103. starfsári.

Á liðnum vetri hófu 1230 nemendur nám í dagskóla en 1209 tóku próf í vor, samtals 48 bekkir og var skólinn að segja má yfirfullur. Að auki voru yfir 800 nemendur í fjarnámi á vorönn og lítið eitt færri á haustönn. Mikill munur er á samsetningu hópsins í fjarnámi samanborið við dagskólann. Yngsti nemandinn í fjarnámi var 11 ára á meðan sá elsti var 76 ára og má geta þess að hann tók þrjá áfanga í frönsku. Einn nemandi sem var í fjarnámi lýkur nú verslunarprófi.

Í 3. bekk hófu 337 nemendur nám síðastliðið haust og jafnmargir tóku próf nú í vor. Það er þó ekki svo að allir sem byrjuðu hafi tekið próf, heldur voru nokkrir sem hættu um jól og nýir teknir inn í þeirra stað. 260 luku prófi með fullnægjandi árangri, en 70 eiga eftir að ljúka einum eða fleiri áföngum. 6 nemendur voru með I. ágætiseinkunn, þ.e.a.s. 9,0 eða hærra í meðal-einkunn.

328 nemendur í 4. bekk gengu til prófs nú í vor. Af þeim eru 285 sem ljúka verslunarprófi. Þetta er mesti fjöldi frá upphafi sem hefur lokið verslunarprófi frá Verzlunarskóla Íslands. Nokkur ykkar þurfa þó að endurtaka einn áfanga en alls eiga 58 nemendur eftir að ljúka einhverjum prófum. 7 nemendur voru með I. ágætiseinkunn.

Í 5. bekk tóku 285 nemendur próf í vor, 208 luku prófum með fullnægjandi árangri en 68 nemendur eiga eftir að endurtaka próf. 7 nemendur voru með I. ágætiseinkunn.

Undanfarin ár hefur aðsókn að Verzlunarskólanum verið mikil og meðaleinkunn nemenda sem hefja nám verið mjög há. Til að mynda var meðaleinkunn á samræmdum prófum, hjá þeim nemendum sem hófu nám í 3. bekk síðastliðið haust, um 8,4. Þið sem voruð í 4. bekk í vetur voruð á sínum tíma með lítið eitt lægri einkunn. Enda hefur mikill meirihluti ykkar staðið sig með stakri þryði. Þess má þó geta að þegar þið 4. bekkingar voruð innritaðir í skólann, voruð þið samtals 364. Sá fjöldi nemenda, sem hefur fallið, eða hætt af öðrum ástæðum, jafngildir einum og hálfum bekk. Það er líka mjög miður að sjá hve margir nemendur í skólanum þurfa að endurtaka einn eða fleiri áfanga um jól eða á vorin. Til að mynda þurfa 196 nemendur í 3., 4. og 5. bekk að mæta í endurtekningarpróf í júní og þurfa sumir að taka þrjú próf. Að auki eru 29 endanlega fallnir og hafa ekki endurtökurétt. Þetta er allt of mikið miðað við hve sterkur þessi hópur var námslega þegar hann kom í Verzlunarskólann og er umhugsunarefni fyrir okkur sem störfum við skólann, jafnt starfsmenn sem nemendur.

Kæru 4. bekkingar.

Fyrir rúmum 2000 árum síðan beið skip hlaðið korni sem átti að flytja frá höfn í Norður-Afríku til sveltandi fólks í Róm. Veður var mjög slæmt og menn voru ekki vissir hvort ætti að sigla eða ekki. Þá var það hinn frægi stríðsherra Pompejus sem sagði: “Að sigla er nauðsyn, að lifa er ekki nauðsyn”. Ég er ekki með þessu að segja að ég taki undir með honum en oft hefur verið vitnað til þessara orða og bent á hve vöruviðskipti eru nauðsynleg. Það hefur ætíð verið svo að einhverjir aðilar eru að framleiða eða búa til vöru sem aðrir síðan kaupa. Það er sjaldnast sem við neytendur kaupum beint frá framleiðanda, heldur eru einn eða fleiri milliliðir. Sama hve margir þeir eru þá er alltaf einhver verslun sem við förum í og kaupum vöruna. Verslunin hefur gegnt mikilvægu hlutverki í íslenskri sögu eins og í öllum öðrum löndum. Hvað skyldi ekki oft vera talað um það í hinum ýmsu sögum eða frásögnum að menn fóru í kaupstað, þ.e.a.s. stað þar sem þeir gátu keypt hinar ýmsu nauðsynjavörur? Kaupmenn gegndu, og gegna enn, mikilvægu

hlutverki í að miðla eða dreifa vörum. Fyrir áratugum síðan gátu aðeins þeir fengið verslunarleyfi sem höfðu verslunarpróf. Nú í dag hefur reglum verið breytt, þannig að til að fá verslunarleyfi þarf umsækjandi m.a. að hafa lokið námskeiði eða prófi frá verslunarskóla eða starfað við verslunarrekstur.

Verzlunarskólinn hefur útskrifað verslunarmenn í rúm 100 ár. Verslunarprófið í dag hefur þó ekki hið sama hagnýta gildi og það hafði fyrir einhverjum árum síðan. Hins vegar á það eftir að nýtast ykkur á margvíslegan hátt þó svo ég telji mig vita að þið munuð væntanlega öll halda áfram námi að loknu verslunarprófi.

Kæru 4. bekkingar.

Þið hafið nú verið við nám í tvö ár í Verzlunarskóla Íslands og hafið uppfyllt þau skilyrði sem gert er til verslunarprófs. Ég vil því biðja ykkur að koma hér upp á svið í stafrófsröð og taka við skírteinum ykkar.

Kæru 4. bekkingar – eða ég ætti kannski frekar að segja: Virðulega verslunarfólk!

Til hamingju með árangurinn. Þið haldið nú á prófskírteini sem vottar að þið hafið lokið verslunarprófi og eruð því fullgild sem verslunarfólk. Eins og áður sagði þá þótti verslunarprófsskírteini aðalsmerki vel menntaðs verslunarmanns fyrr á tímum. Verslunarprófið gerði mönnum kleift að hefja eigin verslunarrekstur. Margir af helstu athafnamönnum þjóðarinnar höfðu þessa eða svipaða menntun – og vel að merkja, þetta þótti mjög góð menntun.

Nú er komið að því að veita verðlaun og viðurkenningar til þeirra sem hafa skarað fram úr. Mörg verðlaunanna koma úr gömlum verðlaunasjóðum og það voru stofnendur þeirra sem ákváðu hver viðmiðin skyldu vera og úthlutum við í samræmi við skipulagsskrá sjóðanna. Það eru margir nemendur sem hafa staðið sig mjög vel og ættu skilið verðlaun eða viðurkenningu. Hins vegar eru fáir útvaldir og við skulum samgledjast þeim. Verðlaunabikarar skólans eru gamlir og geyma nöfn margra merkra fyrrverandi nemenda skólans sem þá hafa fengið. Til þess er ætlast að þið skilið bikurunum í haust þegar skóli byrjar og verða þeir þá varðveittir í sýningarskáp skólans þar sem allir geta séð þá.

Verðlaun og viðurkenningar

Heiðursverðlaun til dúx skólans:

Úr Waltersjóði, ávísun að upphæð kr. 250.- fyrir hæstu aðaleinkunn á verslunarprófi árið 2008 auk 15.000.- kr. peningaverðlauna frá skólanum hlýtur:

Erna Björg Sverrisdóttir 4-F

Farandbikarar:

Stærðfræðibikar Steindórs J. Þórissonar fyrir hæstu einkunn í stærðfræði á náttúrufræðibraut hlýtur:

Sævar Már Atlason 4-Y

Úr *Minningarsjóði Jóns Sívertssonar* hlýtur:

Harpa Sif Gísladóttir 4-Y

kr. 10.000.00 fyrir afburðaárangur í stærðfræði.

Vilhjálmshikarinn fyrir afburðaárangur í íslensku hlýtur:

Erna Björg Sverrisdóttir 4-F

Úr *minningarsjóði Ragnars Blöndal* hlýtur:

Eva Fanney Ólafsdóttir 4-S

kr. 10.000 fyrir besta færni í móðurmálinu.

Bókfærslubikarinn fyrir bestan árangur á bókfærsluprófi hlýtur

Disa Björg Jónsdóttir 4-E

en kr. 10.000. hlýtur

Erna Björg Sverrisdóttir 4-F

Málabikarinn fyrir afburðaárangur í erlendum tungumálum hlýtur:

Sigrún Lína Pétursdóttir 4-S

Vérlitunarbikarinn fyrir afburðaárangur í vérlitun hlýtur:

Elvar Þór Karlsson 4-F

með flest orð á mínútu. Elvar Þór hlýtur einnig viðurkenningu frá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur, kr.10.000.

Peningaverðlaun kr. 10.000. fyrir besta árangur í tölvunotkun á viðskipta- og hagfræðisviði hljóta:

Hafliði Örn Ólafsson 4-H

Agnes Jóhannsdóttir 4-H

Bókaverðlaun frá Danska sendiráðinu fyrir góðan árangur í dönsku hljóta :

Alexandra Kristjánsdóttir 4-J

Heiða Lind Sigurbjörnsdóttir 4-F

Harpa Sif Gísladóttir 4-Y

Bókaverðlaun fyrir hæstu einkunn í sögu hljóta þau:

Eysteinn Sigurðarson 4-I

Finnur Ágúst Ingimundarson 4-B

Margrét Hrönn Þóroddsdóttir 4-A

Bókaverðlaun skólans fyrir hæstu einkunnir á verslunarprófi:

| | | | |
|----------|------------------------------|-----|--------------------|
| Dúx: | Erna Björg Sverrisdóttir | 4-F | I. ág. eink. 9,375 |
| Semidúx: | Kristín María Gunnarsdóttir | 4-X | I. ág. eink. 9,347 |
| 3. -4. | Sigrún Lína Pétursdóttir | 4-S | I. ág. eink. 9,236 |
| 3. -4. | Heiða Lind Sigurbjörnsdóttir | 4-F | I. ág. eink. 9,236 |
| 5. | Harpa Sif Gísladóttir | 4-Y | I. ág. eink. 9,125 |
| 6. | Sævar Már Atlason | 4-Y | I.ág. eink. 9,042 |
| 7. | Þorbjörn Jónsson | 4-X | I.ág. eink. 9,028 |

Dúx skólans í 3. bekk, Rakel Guðmundsdóttir, 3-S með aðaleinkunnina 9,167 hlýtur bókaverðlaun frá skólanum fyrir afburðaárangur í vetur. Rakel er erlendis og fær því afhent verðlaunin síðar.

Afhendingu verðlauna er þá lokið.

Kæra verslunarfólk.

Þá fer að koma að lokum þessarar athafnar. Þið kveðjið í bili og hverfið út í sumarið. Ég vona að allir hafi fengið vinnu í sumar og nái að leggja fyrir sem mest af tekjum sumarsins þannig að það verði óþarfi að vinna með námi næsta vetur. Munið að gera vel öll þau verk sem ykkur eru falin, óháð því hvort þau eru skemmtileg eða ekki. Ég vona að allir séu sáttir við árangur

vetrarins og að hann sé í samræmi við vinnuframlag ykkar. Ef ykkur finnst sem þið hefðuð getað gert betur þá munið að þið hafið tækifæri til þess næsta vetur þegar þið komið í 5. bekk.

Ég þakka ykkur fyrir samveruna og samvinnuna á liðnum vetri. Starfsfólki þakka ég sérstaklega fyrir störf í þágu nemenda og skólans.

Verslunardeild Verzlunarskóla Íslands er slitið.

Útskrifaðir nemendur á verslunarprófi vorið 2008

1. Aðalsteinn Stefánsson
2. Agnes Guðmundsdóttir
3. Agnes Jóhannsdóttir
4. Alexandra Kristjánsdóttir
5. Alexandra Ósk Heiðarsdóttir
6. Alla Rún Rúnarsdóttir
7. Andrea Guðmundsdóttir
8. Andrea Sól Kristjánsdóttir
9. Andri Friðriksson
10. Andri Geir Alexandersson
11. Andri Már Ólafsson
12. Anna Friða Gísladóttir
13. Anna Guðrún Ingadóttir
14. Anna Lóa Vilmundardóttir
15. Ari Fannar Stefánsson
16. Arna Borg Snorradóttir
17. Arna Gréta Sveinsdóttir
18. Arna Margrét Jónsdóttir
19. Arnar Birkir Björnsson
20. Arnar Freyr Gíslason
21. Arnar Gauti Guðmundsson
22. Arnar Kári Axelsson
23. Arnþór Ingi Kristinsson
24. Aron Bertel Auðunsson
25. Aron Daði Kristjánsson
26. Atli Rúnar Kristinsson
27. Auður Bergdís B Snorradóttir
28. Auður Elísa Harðardóttir
29. Auður Erna Pétursdóttir
30. Auður Guðríður Hafliðadóttir
31. Auður Ösp Kristbjörnsdóttir
32. Árni Kristjánsson
33. Ásbjörn Sigurjónsson
34. Ásdís Karen H Friðbjörnsdóttir
35. Ásdís Rósa Hafliðadóttir
36. Ásgeir Orri Ásgeirsson
37. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
38. Ásta Birna Björnsdóttir
39. Ásta Brá Hafsteinsdóttir
40. Ásta Sigríður Harðardóttir
41. Ásta Ægisdóttir
42. Benedikt Kristjánsson
43. Berglind Bjarnadóttir
44. Berglind Halldórsdóttir
45. Bergný Margrét Valdimarsdóttir
46. Birgitta Gunnarsdóttir
47. Birna Karen Björnsdóttir
48. Bjarki Sörens Madsen
49. Bjarni Barkarson
50. Bjarni Grétar Ingólfsson
51. Björg Georgsdóttir
52. Björn Ingi Björnsson
53. Björn Jónsson
54. Björn Már Friðriksson
55. Bríet Sveinsdóttir
56. Bryndís Lóa Jóhannsdóttir
57. Brynjar Arnarson
58. Brynjar Benediktsson
59. Brynjar Smári Bragason
60. Dagbjört Guðbrandsdóttir
61. Dagný Vala Einarsdóttir
62. Dagný Valgeirsdóttir
63. Daníel Takefusa Þórisson
64. Davíð Örn Símonarson
65. Dísá Björg Jónsdóttir
66. Edda Björg Jónsdóttir
67. Einar Freyr Magnússon
68. Einar Sveinn Guðnason
69. Eiríkur Páll Erlingsson
70. Elfar Elí Schweitz Jakobsson
71. Elín Dröfn Jónsdóttir
72. Elín Lovísa Elíasdóttir
73. Elín Ósk Ólafsdóttir
74. Elísabet Hosseini Far
75. Elva Dögg Pálsdóttir
76. Elvar Þór Karlsson
77. Elvar Örn Jónsson
78. Emil Gunnar Gunnarsson
79. Emil Örn Harðarson
80. Erla Hrund Halldórsdóttir
81. Erla Sóley Frostadóttir
82. Erla Þorsteinsdóttir
83. Erna Aradóttir
84. Erna Árnadóttir

- | | |
|-------------------------------------|--------------------------------------|
| 85. Erna Björg Sverrisdóttir | 133. Heiðrún Dagmar Eiríksdóttir |
| 86. Erna Björk Þorsteinsdóttir | 134. Heiðrún Snædis Kristinsdóttir |
| 87. Erna Dís Gunnarsdóttir | 135. Helena Brynja Hólm |
| 88. Erna Oddný Gísladóttir | 136. Helena Helgadóttir |
| 89. Eva Berglind Tulinius | 137. Helga Björk Ottósdóttir |
| 90. Eva Fanney Ólafsdóttir | 138. Helga Geirsdóttir |
| 91. Eydís Arna Líndal | 139. Helga Lovísa Kemp Einarsdóttir |
| 92. Eygló Anna Magnúsdóttir | 140. Helga Soffía Guðjónsdóttir |
| 93. Eygló Myrra Óskarsdóttir | 141. Helgi Júlíus Sævarsson |
| 94. Eyrún Viktorsdóttir | 142. Helgi Kristinsson |
| 95. Eysteinn Sigurðarson | 143. Hildur Edda Gunnarsdóttir |
| 96. Eyþór Már Magnússon | 144. Hildur Karen Haraldsdóttir |
| 97. Fanndís Þóra Ingvarsdóttir | 145. Hjalti Unnar Ágústsson |
| 98. Fanndís Ösp Kristjánsdóttir | 146. Hjördís Diljá Gunnlaugsdóttir |
| 99. Felix Hjálmarsson | 147. Hjördís Sveinbjörnsdóttir |
| 100. Finnur Ágúst Ingimundarson | 148. Hlynur Atli Magnússon |
| 101. Fjóla Dís Markúsdóttir | 149. Hólmfríður Kristín Árnadóttir |
| 102. Freydís Helgadóttir | 150. Hrafnhildur Ylfa Magnúsardóttir |
| 103. Friðrik Björnsson | 151. Hrafnhildur Ýr Matthíasdóttir |
| 104. Friðrik Sigurjónsson | 152. Hrund Ólafsdóttir |
| 105. Geir Kristinsson | 153. Hrönn Árnadóttir |
| 106. Guðmundur Arnar Sigurðsson | 154. Hugrún Aðalsteinsdóttir |
| 107. Guðmundur Helgason | 155. Hugrún Arna Vigfúsardóttir |
| 108. Guðmundur Már Einarsson | 156. Hulda Long |
| 109. Guðmundur Þorlákur Guðmundsson | 157. Höskuldur Hrafn Guttormsson |
| 110. Guðný Íris Magnúsdóttir | 158. Inga Rún Bjarnadóttir |
| 111. Guðrún Emilsdóttir | 159. Ingi Már Þorvaldsson |
| 112. Guðrún Finnsdóttir | 160. Ingunn Tryggvadóttir |
| 113. Guðrún Nielsen | 161. Íris Björk Reynisdóttir |
| 114. Guðrún Vaka Steingrímsdóttir | 162. Ísak Þórsson |
| 115. Gunnar Páll Halldórsson | 163. Jenný Huyen Andradóttir |
| 116. Gunnar Þ Möller | 164. Jóhann Einarsson |
| 117. Gunnhildur Emilsdóttir | 165. Jóhann Haraldsson |
| 118. Gyða Guðmundsdóttir | 166. Jóhann Oddur Úlfarsson |
| 119. Hafdís Tinna Pétursdóttir | 167. Jóhanna Soffía Sigurðardóttir |
| 120. Hafliði Örn Ólafsson | 168. Jóhannes Már Þórisson |
| 121. Hafþór Jónsson | 169. Jón Andri Þórðarson |
| 122. Halldór Ingi Jónsson | 170. Jón Ágúst Eyjólfsson |
| 123. Hanna Bergmann Sverrisdóttir | 171. Jón Gunnar Ólafsson |
| 124. Hanna María Marteinsdóttir | 172. Jón Kristófer Stefán Jónsson |
| 125. Hannes Sigurjónsson | 173. Jón Steinar Þórarinsson |
| 126. Haraldur Tómas Hallgrímsson | 174. Jón Þórir Óskarsson |
| 127. Harpa Sif Gísladóttir | 175. Jóna Kristín Hauksdóttir |
| 128. Haukur Baldvinsson | 176. Jónas Elvar Halldórsson |
| 129. Haukur Örn Gunnarsson | 177. Júlíana Sara Gunnarsdóttir |
| 130. Heiða Lind Sigurbjörnsdóttir | 178. Jökull Snæbjarnarson |
| 131. Heiðar Atli Emilsson | 179. Jökull Vilhjálmsón |
| 132. Heiðar Ingi Magnússon | 180. Karen Axelsdóttir |

181. Karen Knútsdóttir
182. Karen Sigfúsdóttir
183. Karlotta Guðjónsdóttir
184. Katrín Hrund Pálsdóttir
185. Katrín Sigrún Ágústsdóttir
186. Kevin Freyr Leósson
187. Kjartan Oddason
188. Kolbeinn Kristinsson
189. Kolbeinn Tumi Kárason
190. Kolbrún Birna Bjarnadóttir
191. Kristinn Valgeir Ísaksson
192. Kristín Björg Hrólfsdóttir
193. Kristín Inga Jónsdóttir
194. Kristín María Gunnarsdóttir
195. Kristjana Arnarsdóttir
196. Kristján Einarsson
197. Kristján Emil Torfason
198. Krístrós Dögg Einarsdóttir
199. Lára Hrafnadóttir
200. Lára Óskarsdóttir
201. Leifur Bjarki Erlendsson
202. Lilja Björk Jónasdóttir
203. Lilja Harðardóttir
204. Lilja Rut Gunnarsdóttir
205. Magnús Þorsteinsson
206. Margrét Guðmundsdóttir
207. Margrét Hrönn Þóroddsdóttir
208. Margrét Magnúsdóttir
209. Marínó Þór Jakobsson
210. Matthías Leifsson
211. Mist Edvardsdóttir
212. Nanna Lára Sigurjónsdóttir
213. Oddný Þorsteinsdóttir
214. Oddur Sigurðsson
215. Olga Dís Þorvaldsdóttir
216. Orri Eiríksson
217. Orri Ólafsson
218. Óttar Bjarni Guðmundsson
219. Pétur Einarsson
220. Pétur Hreinsson
221. Ragnheiður Guðnadóttir
222. Ragnheiður Gyða Stefánsdóttir
